



ÁRSSKÝRSLA 2000

ÁRSSKÝRSLA 2000



FASTEIGNAMAT RÍKISINS


© Fasteignamat ríkisins og höfundar

Útgefandi: Fasteignamat ríkisins
Ritstjórar: Guðmundur J. Guðmundsson
og Snorri Gunnarsson
Hönnun, myndstjórn og umbrot: Ydda
Prentun: Svansprent

Ritið er sett með 9 pt. Optima
og prentað á 135g Zanders Mega pappír

ISBN 9979-60-680-0

Ávarp forstjóra.....	5
Starfsemin á árinu 2000.....	7
Ársreikningur 2000.....	11
Fasteignamarkaðurinn á árinu 2000.....	13
Útdráttur úr viðhorfskönnun.....	16
Samningur milli Fjármálaráðuneytisins og Fasteignamats ríkisins.....	19
Fasteignamat á Íslandi.....	23
Elstu hús á Íslandi.....	31
Töflur.....	47
Skýringar við töflur um fasteignaverð.....	47
1.1 Fasteignamat á Íslandi 1. desember 2000.....	49
1.2 Fjöldi íbúða eftir byggingartíma - landið allt.....	49
1.3 Fjöldi íbúða í fjölmennustu sveitarfélögum 2000.....	50
2.1 Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990 – 2000.....	50
2.2 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 1996.....	51
2.3 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 1997.....	55
2.4 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 1998.....	59
2.5 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 1999.....	63
2.6 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2000.....	67
3.1 Fasteignaverð í sérbýli á ýmsum þéttbýlisstöðum árið 2000.....	71
3.2 Fasteignaverð í fjölbýli á ýmsum þéttbýlisstöðum árið 2000.....	81
3.3 Þróun fasteignaverðs í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæði.....	90
4.1 Fjármögnun íbúðarhúsnæðis 2000.....	91
4.2 Fjármögnun íbúðarhúsnæðis 1995 – 2000.....	93
5.1 Ávöxtunarkrafa húsbrefa í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands 2000....	94



FASTEIGNAMAT Í 900 ÁR

Í ársskýrslu sinni fyrir árið 2000 gengur Fasteignamat ríkisins nýja braut í efnisvali og framsetningu. Að venju er fjallað um stofnunina, verkefni hennar og rekstur. Aðalefni skýrslunnar er hins vegar yfirlit yfir nokkra þætti bygginga- og fasteignamála en mikið af upplýsingum um þessi efni er að finna í Landskrá fasteigna sem stofnunin heldur.

Sérstök ástæða er til að benda á samantekt Guðmundar J. Guðmundssonar sagnfræðings um elstu hús á Íslandi og grein hans um sögu fasteignamats á Íslandi. Um þessar mundir eru 900 ár liðin síðan fyrstu skref voru stigin varðandi mat fasteigna. Þá samþykkti Alþingi lög um kirkjutíund að tilhlutan Gissurar Ísleifssonar biskups í Skálholti laust fyrir aldamótin 1100. Stofnunin sinnir því verkefnum er hvíla á ævagömlum merg.

Árið 2000 var viðburðaríkt fyrir Fasteignamat ríkisins og þar rísa tveir viðburðir hæst; breytingar á húsnæði, aðstöðu og skipulagi og lögfesting Landskrár fasteigna. Í mars flutti stofnunin höfuðstöðvar sínar í Höfðaborg, nýtt hús að Borgartúni 21, sem stofnunin deilir með nokkrum öðrum ríkisstofnunum. Hið nýja húsnæði hentar starfsemi Fasteignamats ríkisins vel. Auðvelt er að laga húsaskipan að aðstæðum auk þess sem það er glæsilegt og skapar umgjörð um góða vinnuástöðu fyrir starfsmenn. Á árinu flutti umdæmisskrifstofa stofnunarinnar á Egilsstöðum einnig í nýuppgerð húsnæði.

Í maí samþykkti Alþingi þrenn lög er marka stofnun Landskrár fasteigna og fól Fasteignamati ríkisins að halda skrána. Þar verða upplýsingar sem fasteignaeigendur og stjórnvöld þurfa að varðveita til að vernda hagsmuni sína, réttindi og skyldur. Markviss undirbúningur að stofnun Landskrár fasteigna hefur staðið yfir síðan 1992 undir stjórn stýrihóps nokkurra ráðuneytisstjóra og fulltrúa sveitarfélaganna. Mikil vinna fór í að móta stjórnsýslulega framkvæmd, kerfissetja skrána og forrita tilraunaútgáfur sem fyrst fóru í prófun hjá sýslumanni og byggingarfulltrúa í Kópavogi og síðar hjá sýslumanninum á Selfossi.

Landskrá fasteigna er ein skrá fyrir mörg stjórnvöld, einkum sýslumannsembætti og sveitarfélög auk Fasteignamats ríkisins. Áformað er að skráin myndist á fjórum árum með því að sýslumannsembættin færi upplýsingar úr þinglýsingabókum í skrána, eign fyrir eign. Hafa dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra gert samkomulag um að Fasteignamat ríkisins skipuleggi þá framkvæmd. Vegna þessa nýja verkefnis var skipulagi stofnunarinnar breytt á árinu.

Fasteignamat ríkisins þakkar öllum sem á árinu 2000 komu að lögfestingu Landskrár fasteigna, lögðu hönd á plóg til að tryggja stofnuninni nýtt húsnæði og áttu samstarf við stofnunina á ýmsum öðrum sviðum. Síðast en ekki síst er starfsmönnum þakkað fyrir framúrskarandi samstarf og dugnað á breytingatímum.

Haukur Ingibergsson, forstjóri.

STARFSEMIN Á ÁRINU 2000

Fasteignamat ríkisins heyrir undir fjármálaráðherra og starfar stofnunin samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna. Auk þess varða lög um tekjustofna sveitarfélaga, lög um brunatryggingar, lög um fjöleignahús, lög um tekju- og eignaskatt, lög um landmælingar, skipulags- og byggingarlög, þinglýsingarlög og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga miklu fyrir starfsemi stofnunarinnar ásamt reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra. Eitt af einkennum stofnunarinnar er hve starfsemi hennar tengist mörgum ráðuneytum. Á árinu 2000 var stjórn stofnunarinnar skipuð Þórhalli Arasyni tilnefndum af fjármálaráðherra sem er formaður, Ólafi Hilmari Sverrissyni tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sigmari Ármannssyni tilnefndum af Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Í árslok tilnefndi Samband íslenskra sveitarfélaga Kristján Þór Júlíusson í stjórnina í stað Ólafs Hilmars Sverrisonar. Á árinu voru 48 starfsmenn í föstu starfi hjá Fasteignamati ríkisins. Þar af starfa 33 í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík. Í Borgarnesi starfa þrír starfsmenn og á Akureyri fimm. Á Egilsstöðum eru þrír starfsmenn og á Selfossi starfa fjórir starfsmenn.

Hlutverk

Fasteignamat ríkisins hefur það hlutverk að annast skráningu og mat fasteigna, halda til þess viðeigandi kerfi og veita upplýsingar úr þeim. Starfsemi greinist í fernt auk almennra rekstrarmála:

- Rekstur og þróun gagna- og upplýsingakerfisins Landskrá fasteigna. Þar skal skrá allar fasteignir í landinu og er hún grundvöllur skráningar fasteigna og hnitsettra landamerkjá, þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna, húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, auk

- þess að vera stoðgagn í landupplýsingakerfum.
- Fasteignamat allra matsskyldra eigna sem er gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.
- Brunabótamat allra matsskyldra eigna. Brunabótamatið tekur til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.
- Rannsóknir á fasteignamarkaðnum og útgáfa á niðurstöðum þeirra athugana.

Skipurit

Á árinu gekk í gildi nýtt skipurit Fasteignamats ríkisins staðfest af fjármálaráðherra. Við þau tímamót tók Haukur Ingibergsson við starfi forstjóra. Skipulagið byggist á því að skipta starfsemi upp í tvö fagsvið og tvö stoðsvið sem hvert um sig eru undir stjórn framkvæmdastjóra. Fagsviðin eru Matssvið sem Magnús Ólafsson verkfræðingur stýrir og Skráningar- og þróunarsvið sem Jón Vilberg Guðjónsson lögfræðingur stýrir. Stoðsviðin eru Lögfræði- og rekstrarsvið sem Margrét Hauksdóttir lögfræðingur stýrir og Upplýsingatækni- og þjónustusvið sem Örn Ingvarsson verkfræðingur stýrir.

Verkskipulag

Í upphafi ársins var skráningar- og matsstarfsemi stofnunarinnar skipulögð í sjö umdæmum. Til að auka samhæfingu í verklagi og vinnubrögðum og samnýta þekkingu og mannauð voru þessar

starfseiningar stækkaðar með því að Reykjanes-umdæmi, Reykjavík-umdæmi, Vesturlands-umdæmi og Vestfjarðumdæmi voru felld í eina samvirka starfsheild á Lögfræði- og rekstrarsviði en Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi og Suðurlandsumdæmi störfuðu í óbreyttri mynd. Til að auka samvirkni og nýta þekkingu og reynslu starfsmanna voru nokkrir þverfaglegir vinnuhópar stofnaðir til að reifa og þróa einstaka starfsþætti. Þar á meðal má nefna Landskrá fasteigna, matsstarfsemi, verklagsreglur og afskriftir í brunabótamati. Til að auka upplýsingamiðlun sendir forstjóri á hverjum mánudagsmorgni út fréttabréf í tölvupósti til starfsfólks. Þar er fjallað um ýmis atriði varðandi rekstur stofnunarinnar og leitast við að miðla upplýsingum um það sem efst er á baugi. Fyrir starfsmenn stofnunarinnar á suðvesturhorni landsins eru haldnir mánaðarlegir fræðslufundir þar sem fjallað er um atriði er varða starfsemi stofnunarinnar eða áhugaverð efni af öðrum toga.

Samstarf

Verkefni stofnunarinnar kalla á náð samstarf við ýmsa aðila. Hvað ríkisvaldið áhrærir þá hefur stofnunin ekki aðeins hlutverki að gegna gagnvart fjármálaráðuneytinu heldur einnig dómsmálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu. Í hagrænum málum er varða fasteignamarkaðinn á stofnunin samskipti við Hagstofu Íslands, Íbúðalánasjóð, Sedlabankann og Þjóðhagsstofnun. Stofnunin á mikil samskipti við embætti sýslumanna og Landmælingar Íslands og á árinu voru gerðir þjónustu- og samstarfssamningar við Dómsmálaráðuneytið og Landmælingar Íslands sem meðal annars fela í sér reglubundið samstarf. Á sveitarstjórnarstiginu á stofnunin nána samvinnu við byggingarnefndir og byggingarfulltrúa sveitarfélaganna og við fjármáladeildir þeirra. Starfa fulltrúar stofnunarinnar í vinnuhópum á þeim vettvangi. Auk þess á stofnunin samvinnu við

einkaaðila svo sem fasteignasala, hönnuði, eignaskipta og aðra sem mikið koma að byggingu og sölu fasteigna. Þá tekur stofnunin þátt í staðlagerð og tengdri vinnu og á samvinnu við félagsamtök svo sem LÍSU, Húseigendafélagið og Landssamband sumarhúsaeigenda. Á erlendum vettvangi starfar stofnunin á vettvangi hliðstæðra norrænna stofnana og á vettvangi hinnar evrópsku efnahagsnefndar Sameinuðu Þjóðanna.

Húsnæðismál

Á árinu voru höfuðstöðvar Fasteignamats ríkisins fluttar úr gömlu húsi að Borgartúni 21 í nýtt hús á sömu lóð. Þarna var um stórt framfaraskref að ræða því gamla húsið stóð þróun stofnunarinnar fyrir þrífum. Nýja húsnæðið er stærra og sveigjanlegra hvað húsaskipan varðar og hentar stofnuninni vel. Í hinu nýja húsi starfa sex aðrar ríkisstofnanir og skapar það fyrirkomulag ákveðna möguleika til styrktar starfseminni. Á árinu flutti umdæmis- skrifstofa stofnunarinnar á Egilsstöðum einnig í nýuppgert og vel staðsett húsnæði að Kaupvangi 6. Áður hafði starfsemin verið í Íbúðarhúsi í Íbúðarhverfi. Á Egilsstöðum eins og í Reykjavík deilir stofnunin húsnæði með nokkrum öðrum fyrirtækjum og stofnunum.

Landskrá fasteigna

Í maí samþykkti Alþingi lög með gildistöku 1. janúar 2001 sem mörkuðu stofnun Landskrár fasteigna. Lögin fólu Fasteignamati ríkisins að vera skráarhaldari og tryggðu fjármögnun skrárinnar um fjögurra ára skeið. Landskrá fasteigna er ein skrá fyrir mörg stjórnvöld. Sýslumannsembættin færa í skrána það sem nú er fært í þinglýsingabækur, sveitarfélög munu skrá þar ýmsar ákvarðanir sínar er varða fasteignir, auk þess sem Fasteignamat ríkisins mun færa í skrána margvíslegar upplýsingar auk brunabótamats og fasteignamats. Alls munu um 150 sjálfstæð stjórnvöld eiga þess kost að færa upplýsingar í Landskrá fasteigna. Segja má að í

Landskrá fasteigna verði skráð flest það sem fasteignaeigendur og stjórnvöld þurfa að varðveita um fasteignir til að vernda hagsmuni sína, réttindi og skyldur og leysir skráin af hólmi margar ótengdar skrár.

Undirbúningur

Markviss undirbúningur að stofnun Landskrár fasteigna hófst 1992 undir stjórn stýrihóps nokkurra ráðuneytisstjóra með þátttöku fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Mesta vinnan fór í að móta stjórnsýslulega framkvæmd, kerfissetja skrána og forrita tilraunaútgáfur. Þær fóru fyrst í prófun hjá sýslumanni og byggingarfulltrúa í Kópavogi. Síðar var skráin einnig sett í þróunarumhverfi hjá sýslumanninum á Selfossi. Landskrá fasteigna verður ein stærsta skrá þjóðfélagsins er tímar líða og í skránni verða skönnuð og rafræn textaskjöl, teikningar og líkön á tölvutæku formi frá hönnuðum og arkitektum auk hnitsettrar eignamarkaðþekju sem byggð er á kortagrunni frá Landmælingum Íslands.

Myndun Landskrár fasteigna

Á einfaldan hátt má segja að Landskrá fasteigna myndist með samruna skráa Fasteignamats ríkisins og þinglýsingakerfis sem þróað hefur verið á vegum dómsmálaráðuneytisins. Skráningaratriði í þinglýsingarhluta hennar munu myndast eign fyrir eign næstu fjögur árin eftir því sem þinglýsingastjórar hjá sýslumannsembættum færa upplýsingar í skrána. Hefur Fasteignamat ríkisins umsjón með þeirri framkvæmd í samræmi við þjónustusamning sem dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra undirrituðu 31. október síðastliðinn um kerfishönnun, uppsetningu og innfærslu upplýsinga úr þinglýsingabókum sýslumanna í Landskrá fasteigna o.fl.

Framkvæmd

Á árinu 2000 var unnið að undirbúningi að myndun Landskrár fasteigna. Haldið var áfram fyrra starfi að kerfissetningu, forritun og prófun auk þess sem unnið var að gerð verklagsreglna er varða skráarhaldið. Einnig var unnið að fullnustu áforma sem komu fram í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 47/2000 um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna. Þessi áform lutu að því að reka á umdæmisskrifstofunni á Akureyri tölvukerfi sem heldur Landskrá fasteigna og að þjónusta notendur skrárinnar. Í samræmi við samstarfssamning Fasteignamats ríkisins og Landmælinga Íslands hófst einnig undirbúningur að gerð réttindaskrár er sýni eignarréttarlega afmörkun lands á korti, landeignaskrár, er verður hluti af Landskrá fasteigna og undirbúning reglugerða og gerð verklagsreglna um störf faggiltra landmælingamanna.

Hagræn málefni

Fasteignamat ríkisins heldur skrá með upplýsingum sem fram koma í kaupsamningum sem stofnuninni berast frá sýslumönnum. Unnið var að því á árinu 2000 að efla úrvinnslu hagrænna upplýsinga innan stofnunarinnar um bygginga- og fasteignamarkaðinn og útgáfu á niðurstöðum þeirra athugana. Í árslok hóf stofnunin að gefa fasteignablaði Morgunblaðsins vikulegar upplýsingar um fjölda þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu vikuna á undan ásamt veltutölum þeirra samninga og skiptingu eftir sveitarfélögum. Þá gefur stofnunin út upplýsingar um mánaðarlegar breytingar á verðlagi fasteigna. Einnig vinnur stofnunin með öðrum aðilum er safna hagrænum upplýsingum um fasteignamarkaðinn.

Breytt aðferðafræði við brunabótamat

Árið 1999 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um brunatryggingar sem markaði breytta aðferðafræði við ákvörðun brunabótamats. Hún fólst í því að við ákvörðun á brunabótamati fasteigna skuli taka tillit til afskrifta með hliðsjón af aldri, sliti, viðhaldi og ástandi eignar. Á árinu voru mótaðar reglur um framkvæmd þessara afskrifta. Þar er gert ráð fyrir því að ákveða líftíma einstakra frumþátta eða byggingarhluta húseignarinnar og afskrifa með hliðsjón af líftímanum og að teknu tilliti til endurnýjunar vegna viðhalds. Byggingahlutar eru flokkaðir í skammtímaþætti sem eru með líftíma minni en 10 ár, millitímaþætti sem eru með líftíma milli 10 og 50 ár og langtímaþætti sem eru með líftíma lengri en 50 ár. Efnisliðir í byggingarkostnaði eru þannig afskrifaðir en kostnaður við vinnu manna er ekki afskrifaður þar sem hann er óhjákvæmilegur og órjúfanlegur þáttur í viðhaldi húsa og er óháður aldri og ástandi þeirra. Fasteignamat ríkisins leitaði álits Fjármálaeftirlits um þá túlkun og lýsti það sig sammála henni.

Samræming eldra brunabótamats

Fasteignamat ríkisins tók að hluta við framkvæmd brunabótamats árið 1994 og að fullu árið 1999. Um 3/4 af gildandi brunabótamati húseigna er ákvarðað á nokkurra áratuga bili fyrir árið 1994. Forsenda fyrir því að koma á afskriftum í brunabótamati er að yfirfara og samræma gildandi mat auk þess að ákvarða brunabótamat fyrir nokkurn fjölda eigna, sem ekki eru skráðar með brunabótamat í skrá Fasteignamats ríkisins. Á árinu var unnið að undirbúningi þess að leiðrétta og samræma brunabótamat auk þess að afskrifa brunabótamat allra fasteigna samkvæmt afskriftarlíkani og mun framkvæmd þessarar aðgerðar fara fram 2001 samhliða endurskoðun á fasteignamati.

Endurskoðun fasteignamats

Á árinu báðu flest sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um endurmat á fjölda eigna eða öllum fasteignum í sveitarfélaginu. Samkvæmt lögnum skal skráð matsverð fasteignar vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næstum á undan matsgerð miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma. Fasteignamat ríkisins gerði fjármálaráðuneytinu grein fyrir beiðni sveitarfélaganna og að ósamræmi kynni að skapast á milli sveitarfélaga ef fasteignamat væri endurskoðað í sumum þeirra meðan það væri óbreytt í öðrum. Í framhaldi af því fól fjármálaráðuneytið stofnuninni að taka íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, sumarbústaði, lóðir og útihús á öllu landinu til endurmats. Á árinu var unnið að þróun aðferða við að framkvæma vélrænt endurmat með aðstoð upplýsingatækninnar og tölfræði og á grundvelli upplýsinga úr Landskrá fasteigna um hverja eign og úr kaupsamningum. Endurskoðun fasteignamats beinist að því að færa fasteignamat sem næst gangverði og samræma mat hliðstæðra eigna þannig að allir sitji við sama borð.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2000

	2000	1999
Tekjur		
Umsýslugjald	50.891.722	48.492.000
Afnotagjöld af fasteignaskrá	139.715.242	131.274.502
Þjónustutekjur	2.292.073	2.935.631
Framlag til Landskrár fasteigna	4.000.000	4.000.000
Tekjur alls	<u>196.899.037</u>	<u>186.702.133</u>
Gjöld		
Launagjöld	170.626.467	144.870.670
Önnur starfstengd gjöld	12.501.486	11.119.025
Rekstrarvörur og risna	11.302.508	7.443.424
Prentun, póstburðargjöld og sími	12.928.126	8.499.253
Aðkeypt þjónusta	42.446.348	18.612.622
Húsnaðiskostnaður	18.434.237	6.023.238
Rekstrargjöld samtals	<u>268.239.172</u>	<u>196.568.232</u>
Eignakaup	57.906.428	24.395.210
Gjöld alls	<u>326.145.600</u>	<u>220.963.442</u>
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða	(129.246.563)	(34.261.309)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>115.758</u>	<u>2.426</u>
Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	<u>(129.130.805)</u>	<u>(34.258.883)</u>
Ríkisframlag	<u>110.200.000</u>	<u>66.600.000</u>
Tekjuafgangur (halli)	<u>(18.930.805)</u>	<u>32.341.117</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

31. DESEMBER 2000


	2000	1999
Eignir		
Veltufjármunir:		
Ríkissjóður		100.317.254
Viðskiptakröfur	91.496.427	6.595.337
Handbært fé	655.098	1.345.511
Veltufjármunir samtals	<u>92.151.525</u>	<u>108.258.102</u>
Eignir alls	<u>92.151.525</u>	<u>108.258.102</u>
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	90.270.919	57.929.802
Tekjuafgangur (halli) á árinu	<u>(18.930.805)</u>	<u>32.341.117</u>
Eigið fé samtals	<u>71.340.114</u>	<u>90.270.919</u>
Skammtímaskuldir:		
Ríkissjóður	4.741.564	
Viðskiptaskuldir	57.240	164.296
Ógreidd gjöld	<u>16.012.607</u>	<u>17.822.887</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>20.811.411</u>	<u>17.987.183</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>92.151.525</u>	<u>108.258.102</u>

FASTEIGNAMARKAÐURINN Á ÁRINU 2000

Þróun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu


Á árinu 2000 dró úr hækkunum á fasteignaverði. Vísitala fasteignaverðs í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæði hækkaði um 13% frá upphafi til loka ársins. Hækkun umfram almennar verðlagsbreytingar miðað við vísitölu neysluverðs var 9%. Til samanburðar var hækkunin 22% miðað við sama tíma árið á undan og þá var hækkun umfram almennt verðlag 15%.

Þróun fasteignaverðs í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu*



Upplýsingar um þróun fasteignaverðs í atvinnuhúsnæði eru ekki jafn vandaðar og um íbúðarhúsnæði. Færri viðskipti eru skráð með atvinnuhúsnæði og þar að auki eru þær eignir sem seljast mjög breytilegar að allri gerð. Þetta gerir að verkum að vinnsla tölfærðilegra upplýsinga um verð atvinnuhúsnæðis er annmörkum háð. Að gefnum þessum fyrirvörum má þó ráða að verð á atvinnuhúsnæði hafi verið nokkuð stöðugt og sögulega lágt frá 1990 fram til ársins 1998. En frá ársbyrjun 1998 hefur það hækkað um 60-80% umfram verðlag. Þessar hækkanir virðast þó hafa stöðvast undir lok árs 2000.


Þróun fasteignaverðs í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu*



Velta og fjöldi kaupsamninga


Heildarvelta fasteignaviðskipta á landinu öllu var 113.978 milljónir króna árið 2000 en var 113.499 milljónir árið 1999. Aukning á milli ára var minni en hálfur af hundraði. Heildarfjöldi kaupsamninga á landinu öllu var rúmlega 10 þúsund á árinu 2000 en það var fækkun um tæp 13% frá árinu á undan. 51% af upphæð veltunnar var með eignir í fjölbýlishúsum, 28% var með eignir í sérbýlishúsum, 17% með atvinnuhúsa eignir og aðrar eignir stóðu að baki 4% veltunnar. Á höfuðborgarsvæðinu voru eignir í fjölbýli ríkjandi á markaðinum, 63% veltu í Reykjavík og 49% á Reykjanesi.

Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2000



Skipting veltu á landinu öllu eftir tegundum húsnæðis


Annars staðar á landinu vógu sérbýli þyngst. Hæst var hlutfall þeirra á Vestfjörðum eða 52% samanborið við 17% í Reykjavík. Hlutfall atvinnuhúsnæðis var lægst á Suðurlandi 11%, en hæst í Reykjavík, Norðurlandi eystra og á Austurlandi, 19%. Hlutfall eigna sem falla undir liðinn „annað“ var mjög breytilegt eftir landshlutum. Undir hann falla meðal annars sumarbústaðir og jarðir. Hæst var hlutfallið á Suðurlandi 27% en lægst í Reykjavík og á Reykjanesi.



Skipting veltu milli landshluta

Hlutdeild Reykjavíkur var 48% af heildarveltu fasteignaviðskipta á landinu öllu. Viðskipti með eignir í Reykjaneskjördæmi nam 33% af heildarveltu á landinu, 4% veltunnar var á Vesturlandi, 1% á Vestfjörðum, 1% á Norðurlandi vestra, 7% á Norðurlandi eystra, 1% á Austurlandi og 5% á Suðurlandi.

Nánari upplýsingar um fasteignaviðskipti á einstökum stöðum árið 2000 má finna í töflu 2.6.




Fjármögnun fasteignakaupa

Í kaupsamningi kemur fram hvernig greitt er fyrir viðkomandi fasteign, hve mikið er greitt með peningum, hve mikið með fasteignaveðbréfum skiptanlegum fyrir húsbréf, hve mikið af áhvílandi lánum kaupandi yfirtekur o.s.frv. Fasteignamat ríkisins skráir þessar upplýsingar. Samandregnar gefa þær grófa mynd af fjármögnun fasteignakaupa.

Hlutfall útborgunar hefur aukist mikið frá árinu 1995. Þá var aðeins um fjórðungur kaupverðsins greiddur í peningum. Þetta hlutfall var orðið rétt tæpur helmingur á árinu 2000. Það er þó annmarki á þessum upplýsingum að ekki er unnt að vita hvort eða að hve miklu leyti kaupendur taka lán til að greiða útborgunina. Samhliða vexti útborgunarhlutfallsins dró úr vægi þess að fasteignir eða lausafjármunir séu sett upp í kaupverð.

Hlutdeild fasteignaveðbréfa, eða húsbréfálánanna svokölluðu, óx allt fram á árið 1999 en svo dró úr henni árið 2000. Þetta kann að skýrast af reglum Íbúðalánasjóðs um hámarksupphæð lána. Þegar fasteignaverð er hátt, eins og raunin var á árinu 2000, verður hámarkslán lægra hlutfall af kaupverðinu en þegar verðið er lægra. Einnig kveða reglur Íbúðalánasjóðs á um að lánsupphæð skuli miðast við kaupverð eða brunabótamat, þá upphæð sem lægri er. Í mörgum tilfellum var kaupverð hærra en brunabótamat sem gerir að verkum að lánsupphæðin miðast við það. Þetta þýðir jafnframt að hlutdeild húsbréfálánsins verður minni í kaupverðinu en ella.

Nánari upplýsingar má sjá í töflum 4.1 og 4.2




ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN

Síðsumars árið 2000 var gerð könnun á vegum Gallup á viðhorfum almennings til Fasteignamats ríkisins. Slíkar kannanir eru til margra hluta nýtsamlegar fyrir fyrirtæki og stofnanir bæði til að lagfæra það sem úrskæðis fer og ekki síður til að efla þá þætti sem jákvæðir eru í starfseminni. Er ætlunin að gera slíka könnun árlega héðan í frá. Helstu niðurstöður könnunarinnar fara hér á eftir.

Ímynd Fasteignamats ríkisins


► Pekkir þú til Fasteignamats ríkisins?

Fremur fáir töldu sig þekkja hlutverk Fasteignamats ríkisins eða 14,6%. Nokkru færri, eða 10,9%, voru hlutlausir en mikill meirihluti (74,5%) sagðist þekkja hlutverk þess illa. Karlar sögðust fremur þekkja hlutverkið en konur, yngsti hópurinn var verr að sér en þeir eldri og fólk í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum taldi sig fremur þekkja hlutverk þess en fólk í öðrum sveitarfélögum. Þekkingin jókst með auknum tekjum og aukinni menntun. Sérfræðingar, stjórnendur og atvinnu- rekendur sögðust betur að sér en aðrir.




► Viðhorf gagnvart Fasteignamati ríkisins?

Rúm 38% sögðust jákvæð gagnvart Fasteignamati ríkisins, rúm 36% hvorki jákvæð né neikvæð og rúmur fjórðungur taldi sig neikvæðan. Yngsti aldurshópurinn var neikvæðastur en fólk á aldrinum 45-54 ára jákvæðast. Jákvæðni jókst með aukinni menntun.




► Er Fasteignamat ríkisins traust stofnun?

Rúmlega tveir þriðju hlutar aðspurðra (68,1%) töldu Fasteignamat ríkisins trausta stofnun, 15% töldu það hvorki trausta né ótrausta stofnun og tæp 17% töldu það ótrausta stofnun.



► Telur þú stofnunina vera framsækna eða íhaldssama?

Mikill meirihluti eða 82,1% taldi Fasteignamat ríkisins íhaldssama stofnun, 9,1 sagði hana hvorki íhaldssama né framsækna en 8,8% sögðu hana framsækna. Því minni menntun sem þátttakendur höfðu því framsæknari töldu þeir stofnunina.



SAMNINGUR MILLI FJÁRMÁLA- RÁÐUNEYTISINS OG FASTEIGNAMATS RÍKISINS

Hinn 10. apríl 2001 undirrituðu fjármálaráðherra og forstjóri Fasteignamats ríkisins eftirfarandi samning um gagnkvæmar skyldur og samskipti samningsaðila og verkefni og megináherslur í starfsemi stofnunarinnar.

Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila og verkefni Fasteignamatsins. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar og marka megináherslur í starfseminni. Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Þá ber stjórnvaldsábyrgð ráðherra með sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

Hlutverk

Fasteignamat ríkisins hefur það hlutverk að annast skráningu og mat fasteigna, halda til þess viðeigandi kerfi og veita upplýsingar úr þeim. Þessu hlutverki sinnir stofnunin með því að:

1. Reka og þróa gagna- og upplýsingakerfið Landskrá fasteigna en þar skal skrá allar fasteignir í landinu og er hún grundvöllur skráningar fasteigna og hnitsettra landamerkjja, þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna, húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, auk þess að vera stoðgagn í landupplýsingakerfum.

2. Meta matsskyldar eignir fasteignamati sem er gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.
3. Meta allar matsskyldar eignir bruna-bótamati sem tekur til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.
4. Stunda rannsóknir á fasteignamarkaðnum og gefa út niðurstöður þeirra athugana.

Lagagrundvöllur

Fasteignamat ríkisins starfar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Auk þess varða lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, lög um brunatryggingar nr. 48/1994, lög um fjöleignarhús nr. 26/1994, lög um tekju- og eignaskatt nr. 75/1981, skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 þinglýsingarlög nr. 39/1978 og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 miklu fyrir starfsemi stofnunarinnar ásamt reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Markmið og áherslur:

Fjármálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins eru sammála um neðangreind starfsmarkmið á samningstímanum:

1. Fasteignamat ríkisins mun vinna að uppbyggingu Landskrár fasteigna í samræmi við samning milli dómsmálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Fasteignamats ríkisins. Í því felst að annast undirbúning, áætlanagerð, skipulag og verkstjórn við innfærslu þinglýsingabóka, leiðréttingu misræmis og samræmingu þeirra við fasteignaskrá og skrár byggingarfulltrúa.
2. Stefnt er að því að á árinu 2001 verði eigi færri en 25 þúsund eignir staðfestar í Landskrá fasteigna, á árinu 2002 verði eigi færri en 65 þúsund eignir staðfestar, á árinu 2003 verði eigi færri en 40 þúsund eignir staðfestar og að á árinu 2004 verði lokið við að staðfesta eignir í Landskrá fasteigna.
3. Á árinu 2001 mun Fasteignamat ríkisins endurmeta fasteignamat allra fasteigna nema jarða og hlunninda sem endurmetin verða síðar. Markmiðið með endurmatinu er að fasteignamat endurspegli gangverð sem best í samræmi við ákvæði laga um skráningu og mat fasteigna. Stofnunin mun á árinu 2001 endurmeta allar húseignir brunabótamati í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um brunatryggingar árið 1999.
4. Fasteignamat ríkisins mun vinna markvisst að því að þróa aðferðafræði og verklag við brunabótamat húseigna og matskerfi fasteigna. Í þeirri vinnu verður lögð áhersla á að koma upp gæðakerfi sem felur í sér gerð verklagsreglna, handbóka ofl. Eitt af markmiðum stofnunarinnar er að endurmeta eignir

fasteignamati ekki sjaldnar en á 5 ára fresti.

5. Fasteignamat ríkisins mun efla starfsemi sína hvað varðar söfnun hagrænna upplýsinga um bygginga- og fasteignamarkaðinn, úrvinnslu þeirra og útgáfu á niðurstöðum þeirra athugana.
6. Í samræmi við samstarfssamning Fasteignamats ríkisins og Landmælinga Íslands, mun stofnunin vinna að gerð réttindaskrár er sýni eignarréttarlega afmörkun lands á korti, landeignaskrár, er verður hluti af Landskrá fasteigna. Fasteignamat ríkisins mun í samstarfi við Landmælingar Íslands annast undirbúning reglugerða og gerð verklagsreglna um störf faggiltra landmælingamanna, sbr. lög nr. 171/2000, o.fl.
7. Fjármálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins vinna sameiginlega að því að þróa skipulag stofnunarinnar, nýta nýja þjónustumöguleika sem upplýsingatæknin og helstu samstarfsaðilar skapa og koma í framkvæmd fyrirheitum um að reka á Akureyri tölvukerfi sem heldur Landskrá fasteigna, veita upplýsingar úr skránni og þjónusta notendur hennar.

Ábyrgð og skyldur

Neðangreind atriði eru mikilvægust varðandi skyldur og ábyrgð samningsaðila gagnvart hvor öðrum.

1. Í samræmi við áherslur og markmiðssetningu um árangursstjórnun skulu samningsaðilar staðfesta fyrir árslok 2001 langtímaáætlun til fimm ára sem endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar. Áætlunin skal endurskoðuð á tveggja ára fresti. Stjórn stofnunarinnar skal samþykkja langtímaáætlunina.

SAMNINGUR MILLI FJÁRMÁLA- RÁÐUNEYTISINS OG FASTEIGNAMATS RÍKISINS

2. Fasteignamat ríkisins skal skila ársáætlun til fjármálaráðuneytisins fyrir 10. janúar ár hvert og mun fjármálaráðuneytið taka afstöðu til hennar fyrir janúarlok. Þar skal gerð grein fyrir helstu fjárhagsstærðum, starfsmarkmiðum ársins og þeim árangursmarkmiðum sem stefnt er að. Stjórn stofnunarinnar skal samþykkja áætlunina.
3. Að loknu hverju starfsári skal Fasteignamat ríkisins leggja fram ársskýrslu með niðurstöðum rekstrar- og efnahagsreiknings og samanburði á fyrirætlun og niðurstöðum árangursmælinga. Fjármálaráðuneytið og stofnunin vinna sameiginlega að því að ársreikningur liggja fyrir eins skömmu eftir lok starfsárs og kostur er.
4. Fasteignamat ríkisins skuldbindur sig til að haga rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Fjármálaráðuneytið hlustast til um að fjárveitingar til starfseminnar séu nægilegar til að stofnunin geti sinnt skyldum sínum, þróað starfsemi sína og búið við góða starfsaðstöðu. Aðilar munu sameiginlega vinna að því að skapa stofnuninni fjárhagslegan grundvöll er umsýslugjald fellur niður í árslok 2004. Ráðuneytið staðfestir gjaldskrá að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.
5. Forstjóri Fasteignamats ríkisins ræður starfsfólk stofnunarinnar og annast launamál starfsmanna í samræmi við lög, reglur og kjarasamninga þar að lútandi. Stofnunin mótar starfsmannastefnu, stuðlar að því að störf innan stofnunarinnar henti jafnt konum sem körlum og vinnur að jafnri stöðu kynjanna í hvívetna. Ferðalög á vegum stofnunarinnar eru á ábyrgð hennar án sérstakrar ferðheimildar hverju sinni frá fjármálaráðuneytinu.

6. Viðfangsefni Fasteignamats ríkisins eru mótuð í mörgum lögum sem falla undir nokkur ráðuneyti. Mikilvægt er fyrir starfsemina að gott samræmi sé í ákvæðum einstakra laga þannig að byggja megi upp innan stofnunarinnar heildstætt starfskerfi og samhæft verklag. Fjármálaráðuneytið og stofnunin munu sameiginlega vinna að lagasamræmingu eftir því sem þurfa þykir.

Komi upp sérstök viðfangsefni sem ekki er fjallað um í samningi þessum, langtímaáætlun eða ársáætlun og varða starfsemi stofnunarinnar, fjárhag eða þá málaflokka sem hún fer með skulu ráðuneytið og stofnunin taka upp viðræður um það efni.

Gildistími

Samningurinn tekur gildi 10. apríl 2001. Gildistíminn er fimm ár. Samninginn skal endurskoða ef annar hvor samningsaðila óskar þess. Vinna við endurskoðun skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur.

FASTEIGNAMAT Á ÍSLANDI

Frá tíundarlögum til Landskrár fasteigna

Guðmundur J. Guðmundsson

Með tíundarlögum 1096/97 sem sett voru að frumkvæði Gissurar Ísleifssonar biskups og með stuðningi helstu höfðingja landsins hófst formlegt fasteignamat hér á landi.¹

Tíundin var skattur til kirkjunnar og skyldi hún, ásamt afrakstri af kirkjueignum, standa straum af rekstri hennar, en hluti af tíundinni rann til fátækra. Tíundin skiptist í fjóra jafna hluta, biskupstíund, prestatíund, kirkjutíund og þurfamannatíund. Víðast erlendis var tíundin tekjuskattur en hér á landi varð hún eignaskattur. Gengið var út frá því að menn hefðu 10% tekjur af skuldlausri eign og greiddu af þeim 10% skatt eða 1% eignaskatt í raun. Þetta fyrirkomulag var ekki að öllu leyti í samræmi við kirkjurétt því ekki mátti taka arð af svokölluðu „dauðu fé“ þ.e. fé sem ekki gaf af sér afurð af náttúrulegum ástæðum og flokkaðist slíkt undir okur en það var dauðasynd samkvæmt skilningi kirkjunnar. Í sögu Árna biskups Þorlákssonar ásakaði Loðinn leppur sendimaður konungs kirkjuyfirvöld á Íslandi einmitt um það en biskup svaraði því til að þetta fyrirkomulag bryti ekki á bága við orð páfa. Ef til vill var biskup þarna að vísa til glataðs páfabréfs eða ákvæða sem nú eru glötuð.

Eftir að tíundarlögin tóku gildi skyldu allir telja fram eignir sínar á hreppssamkomu á hausti og voru allir karlar og konur 16 ára og eldri sem áttu hálf hundrad eða meira fyrir utan hversdagsföt tíundarskyld. Ef upp komst um svik undan tíund varð að greiða þrefalda tíundarupphæðina í sekt. Hægt var að greiða tíundina með öllum löglegum gjaldmiðli, svo sem vaðmáli, ull, gærum, kvikfé og mat, til dæmis smjöri, sem og gulli og silfri. Á 14. öld varð fiskur einnig löggiltur gjaldmiðill. Sá hluti tíundarinnar sem átti að standa undir rekstri kirkna var gjarnan greiddur í vörum, sem kirkjan gat notað, svo sem viði, vaxi, reykelsi, tjöru, eða lérefti.²

Ýmsar eignir voru undanþegnar tíund, svo sem eignir kirkna og klaustra, Kristfjárjarðir til styrktar fátækum og aðrar eignir sem gefnar voru í guðspakkarskyni svo sem til viðhalds og reksturs brúa og ferja.³ Sama gilti um fyrningar af matvælum og heyjum á vorin. Goðorð höfðingja voru heldur ekki tíundarskyld enda talin vald og mannaforráð en ekki eign. Kirkjunnar menn voru ekki undanþegnir tíund frekar en aðrir en bækur og messuklæði voru þó undanþegin tíund.

¹ Þeir Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur og Magnús Ólafsson framkvæmdastjóri matssviðs Fasteignamats ríkisins lásu grein þessa yfir meðan hún var í vinnslu og bentu á fjölmargt sem betur mátti fara. - Greinargóðar yfirlitsgreinar um tíundina og hlutverk hennar er að finna í Gunnar F. Guðmundsson, „Guði til þægðar eða höfðingjum í hag? Níu aldir frá lögtöku tíundar á Íslandi“ *Ný saga* (1997), bls. 57-64, og í Einar Laxness, „Tíund“ *Íslandssaga* s-ö. Alfræði Vöku-Helgafells (Reykjavík, 1996), bls. 91-93. – Færð hafa verið rök fyrir því að samræmd jarðabók hafi verið gerð í sambandi við setningu tíundarlaganna. Sjá m.a. Arnór Sigurjónsson, „Kveikurinn í fornri sagnaritun íslenzkri“ *Saga* (1970), bls. 5-42.

² Það hefur löngum verið mönnum undrunarefni hversu átakalaust tíundin var lögtekin hér á landi. Ari fróði gekk svo langt í Íslendingabók að tala um kraftaverk (jartegn) í því sambandi. Fræðimenn hafa löngum gert ráð fyrir að höfðingjar sem áttu kirkjujarðir hafi séð hagnaðarvon í kirkju- og prestatíundinni. Gunnar F. Guðmundsson hefur hins vegar fært rök fyrir því að svo hafi ekki verið þegar öllu var á botninn hvolft. Sjá „Guði til þægðar...“, bls. 61. Það er því ekki fráleitt að álykta sem svo að aðrar ástæður hafi legið fyrir vilja höfðingja til að lögtaka tíund, til dæmis að það hafi verið vegsauki fyrir þá að ráða yfir kirkju. Gunnar nefnir einnig fleiri möguleika í grein sinni.

³ Ferjur og brýr voru mikilvægar í kaþólskum sið því þær auðvelduðu pílgrímaferðir en ýttu jafnframt undir verslun og viðskipti.

Haldið var áfram að greiða tíund eftir siðbreytingu með þeirri breytingu þó að sá hluti tíundar sem í kaþólskum sið rann til biskups nefndist nú konungstíund og rann að hluta til sýslumanna en að hluta til latínuskólanna á Hólum og í Skálholti. Ýmsar breytingar urðu á tíundargreiðslunum í aldanna rás og verða þær ekki raktar hér en tíundin hélt velli fram yfir aldamótin 1900. Konungstíund var afnumin með skattalögum 1877 en kirkju- og prestatíund var ekki afnumin fyrr en 1909 og fátækratíund árið 1914.

Engar heimildir eru til um það eftir hvaða reglum jarðir voru metnar þegar tíund var lögtekin⁴ og hefur löngum verið uppi ágreiningur meðal fræðimanna um þetta atriði. Þrennt er helst talið koma til greina í þessu efni: að jarðir hafi verið metnar eftir söluverðmæti, stærð eða afrakstri. Samkvæmt tíundarlögum áttu menn sjálfir að meta jarðir sínar og sverja síðan við helga bók að rétt væri metið⁵ en eins og áður er getið voru sektir við því að telja rangt fram þannig að einhvers konar opinbert mat hlýtur einnig að hafa verið framkvæmt.

Jarðir voru metnar í hundruðum sem talið er að merki 120 álnir vöruvaðmáls⁶ og það hafi jafngilt sex ám loðnum og lembdum eða einni kú, kúgildi.

Af þessu má álykta að eitt hundrað í jörð hafi átt að geta framfleytt einni kú eða sex ám.⁷ Landskuld af jörðum var um 10% fram til um 1400 en fór síðan lækkandi því þá var farið að greiða leigu af föstum innistæðukúgildum. Á síðari öldum fór landskuldin að nokkru eftir ástandi jarðarinnar.⁸ Eins og áður var getið eru engar íslenskar jarðabækur frá miðöldum varðveittar en nær öruggt má telja að þær hafa verið til því með einhverju móti hafa biskupar og klaustur haldið utan um eignir sínar. Það sýna miðalda jarðabækur sem hafa varðveist, t.d. í Noregi. Miklar upplýsingar um kirkjujarðir er þó að finna í þeim kirkjumáldögum sem varðveist hafa frá þessum tíma og hafa verið gefnir út í *Íslensku fornbréfasafni*. Eftir siðbreytingu lentu miklar jarðeignir sem áður voru í eigu biskupa og klaustra undir konungi og fljótlega fóru embættismenn konungs hér á landi að setja saman skrár yfir þessar eignir og afraksturinn af þeim. Árið 1589 var höfuðsmanni falið að senda utan staðfesta jarðabók.⁹ Til eru nokkrar jarðabækur fógeta frá 17. öld og er sú elsta sem varðveitt er frá 1639. Þessar jarðabækur eru þó aðeins yfir konungseignir. Árið 1657 var höfuðsmanni falið að semja jarðabók þar sem koma skyldu fram dýrleiki, landskuld

⁴ Sjá nánar um þetta í Gunnar F. Guðmundsson, „Inngangur“, *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. (Kaupmannahöfn, 1993), bls. xlvi.

⁵ Tíundarlögin eru aftast í Kristinna laga þætti Grágásar. *Grágás*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason bjuggu til prentunar. (Reykjavík, 1992), bls. 35-49.

⁶ Helstu tegundir vaðmáls voru vöruvaðmál sem var algengast og svo hafnarvaðmál sem var vandaðra, helmingi þyngra og mun dýrara. Í miðaldaheimildum eru notuð fleiri heiti yfir vaðmál en í sumum tilfellum virðast það hafa verið önnur nöfn á vöruvaðmáli. Sex álnir vöruvaðmáls voru lögeyrir. Sjá nánar um vaðmál og verðgildi þess í Helgi Þorláksson, *Vaðmál og verðlag*. *Vaðmál í utanlandsviðskiptum og búskap Íslendinga á 13. og 14. öld* (Reykjavík, 1990). Greinargott yfirlit yfir ýmsar tegundir vaðmáls, gerð og stærðir eru á bls. 223-66.

⁷ Eftir þeim heimildum sem við höfum um verðgildi kúgildisins var það þó oftast milli 90 til 100 álnir og dæmi eru um að það hafi farið niður í 72 álnir. Sjá nánar um þetta í Einar Laxness, *Íslandssaga i-r*. „Kúgildi“, bls. 67-69. - Það er svo umhugsunarefni hvers vegna jarðir voru metnar í hundruðum en ekki kúgildum sem er rökréttara. Hugtakið hundrað var ekki notað með þessum hætti á Norðurlöndum en á Bretlandseyjum var það notað til að mæla stærð á landsvæðum. Sjá nánar um þetta í Guðmundur J. Guðmundsson, „Keltnesk áhrif á íslenskt þjóðlíf“ *Saga* (1993), bls. 118. Til gamans má geta þess að hundrað er notað sem stærðareining í svonefndri Bergþórsstatútu en fræðimenn eru almennt sammála um að hún sé falsbréf og ekki sé rétt að leggja mikið upp úr því sem þar stendur.

⁸ Gunnar F. Guðmundsson, „Inngangur“, bls. xiii.

⁹ Þessi jarðabók er talin varðveitt í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar. Sjá Einar Laxness *Íslandssaga i-r*. „Jarðabók“, bls. 24-25. Skúli Magnússon segir á einum stað að hann viti um jarðabók frá 1525. Samanber Gunnar F. Guðmundsson „Inngangur“, bls. xliii, neðanmálsgrein 2.

og leigukúgildi. Þetta reyndist þó hægar sagt en gert og er óvíst hve mikið vannst af því verki. Þó mun jarðabók Ísafjarðarsýslu vera til í afriti. Allsherjar jarðamat var svo gert í sambandi við kröfu Kristjáns V. um stríðshjálp 1680 og eru varðveittar nokkrar jarðabækur úr einstökum sýslum sem gerðar voru í sambandi við hana. Einnig voru gerðar jarðabækur 1686 og 1695. Í þeirri síðarnefndu er það nýmæli að eigendur jarða eru nafngreindir.¹⁰ Í jarðabókunum 1639 og 1686 var notað nýtt jarðamat sem var miðað við landskuld og var dýrleiki hvernar jarðar tuttuguföld landskuld hennar en í öðrum jarðabókum er gamla kerfið notað.

Tíundin sem miðaðist við gamla matið hafði haldist óbreytt frá upphafi og þegar komið var fram á 16. og 17. öld var tíund af jörðum iðulega orðin of há miðað við raunverulegt verðgildi þeirra því

margar jarðir höfðu orðið fyrir áföllum af völdum náttúruhamfara og ágangs búfjár. Leigur höfðu hins vegar lækkað.

Þegar þeim Árna Magnússyni og Páli Vídalín var falið að gera úttekt á öllum jörðum á Íslandi í byrjun 18. aldar hljóta þeir að hafa átt að færa jarðamatið til samræmis við raunverulegt verðgildi jarðarinnar¹¹ þótt það væri ekki tekið fram í erindisbréfi þeirra.

Það mun hafa komið í hlut Páls Vídalíns að setja saman reglur um jarðamatið. Hann fór þá leið að miða dýrleika jarðarinnar við fóðurgildi hennar og verðmæti hlunninda í meðalári. Matsverðið varð því ákveðið hlutfall af afrakstri jarðarinnar.¹² Í jarðabókinni koma því fram hið forna mat jarðarinnar, fjöldi kúgilda og nýting úthaga afrétta og hlunninda. Hið nýja mat Páls kemur síðan fram þar sem segir hversu margt búfé sé hægt að fóðra

Jarðabók yfir konungsjarðir frá 1639 (Pl. Reikningar jarðabókasjóðs Y.4.). Í henni er getið um leigukúgildi, landskuld og dýrleika hvernar jarðar. Bókin er undirrituð af Pros Mundt lénsmanni 1633-45. Bókin hefur verið yfirfarin í rentukammeri.



Úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1702-12. Jarðabókin yfir Vestmannaeyjar með hendi Árna Magnússonar.



¹⁰ Björn Lárússon hefur gert viðamiklar rannsóknir á þessum jarðabókum og birt niðurstöður sínar í *The Old Icelandic land registers* (Lund, 1967) og *Íslands jordebok under förindustriell tid* (Lund, 1982). - Ein jarðabók frá 18. öld hefur verið gefin út að jarðabók þeirra Árna og Páls undanskilinni en það er jarðabók Orms Daðasonar sýslumanns yfir Dalasýslu en hún birtist í *Sögu* (1965), bls. 234-99.

¹¹ Gunnar F. Guðmundsson, „Inngangur“, bls. xiv og il. Gunnar bendir á að jarðabókargerðin hafi verið framhald af sambærilegu starfi sem þegar var hafið í Danmörku og átti að upplýsa konung og embættismenn hans um eignir hans og efnahagslegt ástand ríkisins.

¹² Gunnar F. Guðmundsson, „Guði til þægðar...“, bls. 59.

á heimajörðinni og hvernig háttað er nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.¹³

Þetta nýja jarðamat kom þó aldrei að þeim notum sem stefnt var að því jarðabókinni var í raun aldrei lokið og rykféll hún í skjalasafni rentukammers. Þegar svo átti að fara að nota hana kom í ljós að jörðum var raðað eftir því sem talin var eðlileg röð í hverjum hreppi en ekki eftir eigendum eins og æskilegt hefði verið út frá sjónarmiðum stjórnsýslunnar. Skúli Magnússon landfógeti vann síðan upp úr henni og ýmsum eldri jarðabókum hina svokölluðu Harmonisku jarðabók en þar var jörðum raðað eftir eigendum.

Þegar jarðir Skálholtsstóls voru seldar í lok 18. aldar var jarðamatið endurskoðað því gamla matið þótti úrelt sem vonlegt var og margar jarðir hærra metnar en efni stóðu til. Nýtt jarðamat var síðan gert í byrjun 19. aldar en það var aldrei lögfest, mest vegna þess að mikil andstaða var við það meðal jarðeigenda sem fannst að þeir hefðu ekki verið hafðir með í ráðum.¹⁴

Eitt af fyrstu málunum sem komu til kasta Alþingis eftir að það var endurreist árið 1845 var nýtt fasteignamat og gaf konungur út tilskipun um málið 27. maí 1848. Samkvæmt henni átti að meta jarðir eftir markaðsvirði jarða (i handel og vendel) og til peninga. Matið átti að fara þannig fram að sýslunefnd valdi þrjá matsmenn fyrir hvern hrepp. Sýslumaður ákvað síðan hvaða hrepp skyldi meta fyrst og síðan áttu tveir af þeim matsmönnum að meta með hinum þrem í þeim hreppi sem kom næst á eftir og svo koll af kolli. Í hverri sýslu voru fimm yfirmatsmenn. Unnið var að matinu á árunum 1849-50 og voru jarðabókardrögin lögð fyrir Alþingi 1853 en það hafnaði þeim og benti á

fjölmarga annmarka, svo sem að matsmenn höfðu lagt mismunandi skilning í það hvað væri „gangbar pris“ en það hugtak var lagt til grundvallar matinu. Þannig væri hróplegt ósamræmi á jarðamati milli einstakra sýslna þótt þokkalegt samræmi væri í mati innan þeirra.¹⁵ Lagði Alþingi til að bætt yrði úr verstu ágöllum og matið síðan löggilt. Féllst danska stjórnin á þetta og var skipuð þriggja manna nefnd sem í voru þeir Jón Guðmundsson ritstjóri, Vilhjálmur Finsen og Jón Pétursson yfirdómari til að fara yfir málið og mun hún hafa lokið störfum 1853.¹⁶ Málið var rætt ítarlega á þingunum 1855, 1857 og 1859 og það kom enn til umræðu á þingi 1861 eftir að jarðabókin hafði verið lögtekin. Meirihluti þingmanna taldi breytingarnar vissulega til bóta en gagnrýndu samt einstök atriði varðandi matið svo sem hátt mat á þeim jörðum sem höfðu hlunnindi af dúntekju. Aðrir töldu matið skakkt frá grunni, einkum í Reykjavík. Meirihluti þingmanna taldi þinginu ekki stætt á að hafna matinu þótt þeir væru ósattir við ýmislegt í því.



Handrit Nýrrar jarðabókar fyrir Ísland frá 1861.

¹³ Sami, „Inngangur“, bls. xlviii-il.

¹⁴ Jarðabókin frá 1802-1804 er varðveitt á Þjóðskjalasafni og er í 22 bindum. Auk þess eru í Rentukammersafni bréfabækur og skjöl jarðamatsnefndarinnar í 6 stöflum. Ekkert af þessu hefur verið gefið út.

¹⁵ *Stjórnamálefni Íslands* 1 1854-1863. Jón Sigurðsson sá um útgáfuna. (Kaupmannahöfn, 1864), bls. 448-57.

¹⁶ „Leiðbeiningarit um fasteignamat“. Yfirmatsnefnd tók saman. (Reykjavík, 1963), bls. 2.

Meðal þeirra var Benedikt Sveinsson sýslumaður en hann sat á þingi 1861 sem konungkjörinn þingmaður. Hann bætti því hins vegar við: „að óskandi hefði verið að það hefði aldrei orðið að lögum.“¹⁷

Jón Sigurðsson snerist öndverður gegn matinu og vildi hafna því. Hann benti á að enn væri ósamræmi í mati milli einstakra sýslna og matið væri jafnvel orðið enn verra en það þó var áður. Í umræðunum sagði hann: „ójöfnurnar eru eins miklar og áður voru þær, nema hvað hinar nýju ójöfnur eru verri en hinar gömlu.“¹⁸ Hann benti á að ef matið yrði samþykkt yrði því ekki breytt í bráð. Jón hafði haldið fram þeirri skoðun að ein nefnd ætti að meta fasteignir á öllu landinu. Þrátt fyrir harða gagnrýni og skiptar skoðanir þingmanna var jarðamatið löggilt árið 1861 í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* og fyrst lagt á eftir því á fardögum 1863. Í þessu jarðamati var áfram notast við hugtakið hundrað en hundradatala jarðanna breyttist talsvert frá fyrri tíð. Í jarðabókinni var skrá yfir jarðirnar í hverjum hreppi og matið á þeim bæði í gömlum og nýjum hundruðum. Eftir það var talað um verðgildi jarða, ýmist í gömlum eða nýjum hundruðum.¹⁹

Í tilskipun um nýju jarðabókina var tekið fram að kannað skyldi eftir 20 ár hvort ástæða væri til að endurskoða hana. En það fór þó eins og Jón Sigurðsson hafði spáð að dráttur varð á að nýtt jarðamat væri gert. Hvers vegna ekki var talin þörf á endurmati er óvíst en hugsanlega hefur mönnum óað við kostnaðinum. Í umræðum á þingi komu slík viðhorf fram bæði í umræðunum um Nýju jarðabókina og svo fasteignamatslögin 1915.

Hvernig svo sem á því stóð var ekki gert nýtt fasteignamat fyrr en á árunum 1916-20. Á þingi árið 1915 bar Jón Þorkelsson fram frumvarp um fasteignamat og var það samþykkt og gengu lög in gildi sama ár. Samkvæmt þeim skyldi meta fasteign eftir því sem hún væri sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Nú voru fasteignir ekki lengur metnar í hundruðum heldur krónum. Í þessum lögum var ekki gert ráð fyrir yfirfasteignamatsnefnd fyrir allt landið heldur var skipuð þriggja manna fasteignamatsnefnd í hverri sýslu og kaupstað. Voru tveir tilnefndir af sýslunefnd eða bæjarstjórn en sá þriðji af Stjórnarráðinu og var hann formaður. Yfirmatsnefnd var skipuð í hverri sýslu.²⁰ Í lögum frá 1915 vantaði enn samræmingaraðila fyrir allt landið og var það mál manna að enn væri umtalsvert misræmi í mati milli einstakra sveitarfélaga. Árið 1938 var reynt að bæta úr þessu í nýjum lögum um fasteignamat sem Páll Zóphóníasson bar fram.²¹



Fasteignamat frá 1970 unnið með nýjustu skýrsluvélataekni þeirra tíma.

¹⁷ *Alþingistíðindi 1861* (Reykjavík, 1861-62), bls. 184.

¹⁸ *Alþingistíðindi 1859* (Reykjavík, 1859-60), bls. 894.

¹⁹ *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861* (Kaupmannahöfn, 1861).

²⁰ Lög um fasteignamat. *Alþingistíðindi 1915 A* (Reykjavík, 1915), bls. 1677-81.

²¹ „Leiðbeiningar um fasteignamat“, bls. 3.

Samkvæmt þessum lögum skipaði fjármálaráðherra þriggja manna undirfasteignamatsnefndir. Tveir voru tilnefndir af sýslunefndum eða bæjarstjórnnum en fjármálaráðherra skipaði þann þriðja. Fjármálaráðherra skipaði síðan þriggja manna yfirfasteignamatsnefnd til 10 ára og skyldi hún samræma mat og starf undirnefndanna og hafði rétt til að breyta mati þeirra. Yfirmatsnefndir í sýslum voru lagðar niður.²² Það er samt ljóst að yfirfasteignamatsnefnd hafði ekki tök á að sinna þessu hlutverki sem skyldi enda engin furða þar sem málaflokkurinn er mjög yfirgripsmikill og matsmennirnir ólíkir. Má rétt ímynda sér hversu erfitt hefur verið að samræma mat á fasteignum ef oft hafa komið inn á borð nefndarinnar lýsingar á borð við þá sem Lúðvík Kemp gaf á kofa nokkrum í Höfðakaupstað í manntalinu 1. desember 1950.²³

Enginn veit um aldur hans
inn um gættir hríðar
enda var hann andskotans
ólán fyrr og síðar.

Það var ekki fyrr en með lögum um Fasteignamat ríkisins frá 1976 að matsmannakerfið var loks lagt niður og allt fasteignamat á landinu falið einum aðila eins og Jón Sigurðsson hafði lagt til í umræðunum um jarðabókina 1861. Til þess að vinna þetta verk var sett á stofn ný ríkisstofnun, Fasteignamat ríkisins. Samkvæmt lögnum átti Fasteignamatíð að meta eignir jafnharðan og þær urðu til eða var breytt og átti matið að vera eins nærri sanni og mögulegt var á hverjum tíma. Liður í því var að framreikna matið í nóvember ár hvert í samræmi við breytingar á verðlagi fasteigna við

kaup og sölu næstliðið ár. Í greinargerð með lögnum var gert ráð fyrir að skýrsluhald yrði unnið með fullkomnustu skýrsluvélum sem völ væri á. Bygðist það á reynslunni er fengist hafði við framkvæmd aðalmats þess er lagt var fram 1970, en þá hafði verið tekið upp það nýmæli, að gera allar upplýsingar, sem til urðu í matinu, tækar til skýrsluvéla. Yfirfasteignamatsnefnd var áfram til og hafði hún fullnaðarúrskurðarvald um mat á fasteignum. Nefndin hafði einnig það hlutverk að ákveða framreikning á milli ára.²⁴ Þessi lagasetning markaði tímamót á fleiri sviðum en í framkvæmd matsins. Í greinargerð með lögnum sagði að megináhersla skyldi lögð á haldgóða skráningu fasteigna en mat á verðmæti kæmi í annarri röð. Með hliðsjón af þessu var í bráðabirgðaákvæði með lögnum gert ráð fyrir að þinglýsingar yrðu færðar inn í fasteignaskrá, þegar slík breyting þætti tímabær. Einnig var sveitarfélögnum, sem ekki höfðu haft hlutverki að gegna við framkvæmd fasteignamats fyrr á öldinni, gert skylt að láta stofnuninni í té upplýsingar um allar nýjar og breyttar fasteignir jafnóðum og þær yrðu til og á því formi, sem stofnunin mælti fyrir um.

Þótt hér væri stigið stórt skref til samræmingar voru enn ljón í veginum. Um skráningu fasteigna giltu nokkur lög og reglugerðir og í sumum tilfellum rákust þau beinlínis hvert á annars horn. Notkun hugtaka var heldur ekki samræmd. Hvað þýddi t.d. orðið fasteign? Kerfið bauð því upp á margverknað, t.d. skoðuðu starfsmenn fasteignamats byggingu en því nær samtímis komu dómkvaddir matsmenn að skoða bygginguna vegna brunabótamats. Kerfið gat líka verið óskilvirkt því

²² Frumvarp til laga um fasteignamat. *Alþingistíðindi* 1937 A (Reykjavík, 1938), bls. 94-99.

²³ *Nú er hlátur nývakinn. Gamansögur og kviðlingar*. Rósberg G. Snædal safnaði og skráði (Akureyri, 1954), bls. 15.

²⁴ Frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna. *Alþingistíðindi* 1975-1976 A 1 (Reykjavík, 1984), bls. 1628-34.

Þótt gert væri ráð fyrir að upplýsingar frá byggingarfulltrúa um breytingar á mannvirkjum færu til Fasteignamats ríkisins kom það fyrir að þær skiluðu sér ekki því nægilegt formlegt eftirlit með skilum á upplýsingunum var ekki fyrir hendi. Til að lagfæra þessa vankanta var hafin vinna við að byggja upp sameiginlegt, miðlægt upplýsingakerfi um fasteignir fyrir Fasteignamat ríkisins og aðrar stofnanir sem þurfa á slíkum upplýsingum að halda.²⁵ Það var yfirgripsmikið verk að koma öllu þessu heim og saman en mikilvægur þáttur í þeirri vinnu var tilraunaverkefni í Kópavogi sem Fasteignamat ríkisins, byggingarfulltrúinn í Kópavogi og sýslumannsembættið í bænum unnu að í sameiningu.²⁶ Í raun var verkefnið Landskrá fasteigna í vinnslu frá því í nóvember 1992 þar til samþykktar voru frá Alþingi árið 2000 breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna, þinglýsingarlögum og lögum um brunabótamat.²⁷ Samkvæmt þeim voru fasteignaskrár og þing-

lýsingabækur samþættar í einn gagnagrunn „Landskrá fasteigna“.

Með þessum lögum má segja að skráning fasteigna, fasteignamat og brunabótamat á Íslandi komist loks í samræmt horf.



Skjámynd úr Landskrá fasteigna frá 2001.

²⁵ „Landskrá fasteigna. Skýrsla um starfsemina lögð fram á verkefnisfundi 28. febrúar 1996.“ (Reykjavík, 1996).

²⁶ „Eignarmyndunarferli – Þríhyrningur – Tilraunaverkefni í Kópavogi“ (án útgáfustaðar og árs).

²⁷ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar nr. 48/1994 og Frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingarlögum nr. 39/1978. *Alþingistíðindi. 125 löggjafarþing* (Reykjavík, 2000), bls. 2984-94, 2886-88 og 2839-46.

ELSTU HÚS Á ÍSLANDI



Hús á Íslandi reist 1850 og fyrr

Guðmundur J. Guðmundsson tók saman

Það eru ekki mörg ár síðan húsavernd og rannsóknir á byggingarsögu voru taldar lítið annað en sérvíska og furðulegheit og jafnvel litnar hornauga af ráðamönnum sem töluðu með fyrirlitningu um danskar fúaspýtur. „Framfarasinna“ létu einnig hafa eftir sér að niðurrif gamla bygginga væri mikilvægur þáttur í þéttingu byggðar í eldri hverfum þéttbýlisstaða og ekki síður forgangsverkefni en uppbygging nýrra hverfa. Verkalýðsforingjar fusuðu yfir þessu uppátæki og bentu á að ekki væri ástæða til að halda upp á húsnaði sem hefði bæði verið kalt og saggasamt og átt sinn þátt í bágu heilsufari alþýðunnar. En nú er öldin önnur sem betur fer. Byggingarsagan er orðin mikilvægur þáttur í rannsóknnum á menningararfi þjóðarinnar og sveitarstjórnir og bæjaryfirvöld keppast við að hlúa að gömlum byggingum og gera þær þannig úr garði að þeir sem eiga leið um staldri við til að skoða þær.

Með þessari skrá vill Fasteignamat ríkisins leggja sinn skerf til þessa málaflokks enda er það hluti af skyldum stofnunarinnar að halda saman upplýsingum um þessi hús. Grunnupplýsingarnar í skránni eru unnar úr gagnagrunnum Fasteignamats ríkisins en síðan voru þær bornar saman við útgefnar rannsóknir fræðimanna eftir því sem kostur var á og auknar og endurbættar. Við öflun viðbótarupplýsinga var leitað til byggingarfulltrúa víða um land sem og Húsafriðunarnefndar en þar

var Birna Mjöll Sigurðardóttur þjóðfræðingur höfundi innan handar. Í sumum tilfellum reyndist nauðsynlegt að hafa samband við eigendur einstakra bygginga og ábúendur jarða til að fá sem réttastar upplýsingar. Þær Birna Mjöll og Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur lásu skrána yfir og færðu fjölmargt til betri vegar. Kann ég öllu þessu fólki hinar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Hér er farin sú leið að raða byggingunum í aldursröð en ekki eftir landshlutum eða sveitarfélögum og því verða þeir sem ætla sér að kanna hvort í skránni sé að finna upplýsingar um byggingar sem þeir hafa áhuga á að leggja í það nokkru meiri vinnu en ella hefði verið. Er vonast til að það komi ekki að sök. Erfitt er að staðla nákvæmlega upplýsingar um húsin en áhersla er lögð á að geta um byggingarár, byggingarefni, núverandi notkun og höfunda húsanna. Stundum eru aðrir fróðleiksmolar látnir fljóta með. Þegar aldur bygginga er rannsakaður eru álitamálin mörg og oft á tíðum eru menn langt í frá á einu máli þar um. Til dæmis má velja því fyrir sér hvað á að telja byggingarár húss sem er að mestu endurreist af nýjum viðum eða þar sem viðir úr gömlu húsi eru að verulegu leyti notaðir í byggingu á nýjum stað. Í þeim efnum er jafn margt sinnið sem skinnið. Það liggur því fyrir að skrá sem þessi verður seint tæmandi og því eru allar viðbótarupplýsingar og leiðréttingar vel séðar.

Meðal þeirra rita sem stuðst var við eru *Skrá yfir friðuð hús. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750–1970*, gefin út af Húsafriðunarnefnd ríkisins. *Íslensk byggingararfleið I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750–1940 og Íslensk byggingararfleið II. Varðveislunnáll 1863–1990. Verndunaróskir* eftir Hörð Ágústsson, *Akureyri. Fjaran og Innbærinn* eftir Hjörleif Stefánsson, *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur* eftir Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur, Hjörleif Stefánsson og Guðmund Ingólfsson og *Grjótaþorp 1976* eftir Nönnu Hermannsson o.fl. Ýmiss fleiri rit voru notuð til

að afla upplýsinga um einstakar byggingar en of langt yrði að telja þau öll upp hér.

Fyrir þá sem þurfa að leita frekari upplýsinga um þau hús sem hér eru nefnd skal bent á ritin *Skrá yfir friðuð hús* og svo hin yfirgripsmiklu yfirlitsrit Harðar Ágústssonar. Heimildaskrá þeirra er að öllum líkindum tæmandi hvað varðar rit sem fjalla um íslenska byggingarsögu. Einnig er áhugasömum bent á húsaskrá Árbæjarsafns en þar er búið að draga saman miklar upplýsingar um eldri byggð Reykjavíkur.

1. Keldur í Rangárvallahreppi. Skáli og aðrar byggingar. Tvenn göng grafin í mold frá skála og út að bæjarlæk. Eldri göngin eru frá miðöldum, hugsanlega 12. eða 13. öld en þau yngri frá 1931 grafin að tilhlutan Matthíasar Þórðarsonar Þjóðminjavarðar. Skálinn er ekki yngri en frá 16. öld en gæti sem vísast verið eldri, jafnvel frá síðari hluta miðalda. Aðrar byggingar eru mun yngri. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.



1. Skálinn á Keldum á Rangárvöllum. Ljós. Guðmundur J. Guðmundsson.

2. Öxney í Dalabyggð. Skemma, gæti að stofni til verið frá því fyrir 1600. Talið er að skemman hafið áður verið kapella. Getið er um kapellu í Öxney árið 1224. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.



2. Skemman í Öxney. Ljós. í eigu byggingarfulltrúa Dalabyggðar.

3. Núpsstaður í Skaftárhreppi. Bænhús. Ágreiningur er um byggingarár bænhússins. Almennt hefur verið talið að það sé frá 1657 en Hörður Ágústsson hefur fært rök fyrir því að það gæti verið mun yngra eða frá miðri 19. öld. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.



3. Bænhúsið á Núpsstað. Ljós. GJG.

4. Gröf á Höfðaströnd í Skagafirði. Kirkja. Upphaflegt byggingarár 1675 en kirkjan var endurgerð úr nýjum viðum 1953. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur Guðmundur Guðmundsson í Bjarnastaðarhlíð. Endurgerð stjórnaði Sigurður Sigfússon trésmíðameistari.



4. Kirkjan á Gröf á Höfðaströnd. Ljós. GJG.

5. Drangar í Árneshreppi á Ströndum. Grútarhjallur. Ekki er vitað um aldur en áreiðanlega mjög gamall og ekki yngri en frá 18. öld. Byggingarefni grjót. Höfundur ókunnur.

6. Drangar í Árneshreppi á Ströndum. Hákarlahjallur. Ekki er vitað um aldur en áreiðanlega mjög gamall og ekki yngri en frá 18. öld. Byggingarefni grjót. Höfundur ókunnur.

7. Grímshjallur í Brokey í Dalabyggð. Fiskhjallur. Byggður á fyrrihluta 18. aldar. Byggingarefni grjót. Höfundur Grímur í Brokey.

8. Hillebrantshús á Blönduósi. Safn. Sterk rök eru fyrir því að húsið hafi upphaflega verið reist á Skagaströnd af Félagi lausakaupmanna 1733 en flutt á Blönduós 1877 og endurreist þar. Byggingarefni timbur. Upphaflegur höfundur ókunnur en Frederick Hillebrant kaupmaður endurreisti húsið á Blönduósi.

9. Salthúsið á Þingeyri í Ísafjarðarbær. Mikill ágreiningur er um byggingarár hússins. Sumir telja að það sé reist 1732–34 en ártölin 1778 og 1787 hafa líka verið nefnd. Stokkbyggt timburhús. Höfundur ókunnur.

10. Stóru-Akrar í Akrahreppi í Skagafirði. Íbúðarhús. Bæjardyr, göng og þingstofa reist á árunum 1743–45. Framkvæmdir gætu þó hafa hafist tveimur árum fyrr. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.

11. Ögurstofa í Ísafjarðarbæ. Gesta- og þingstofa. Stofan er talin byggð um miðja 18. öld en var tekin niður 1961 og endurreist í byggðasafninu. Höfundur ókunnur.



12. Viðeyjarkirkja og Viðeyjarstofa. Ljós. GJG.

12. Viðeyjarstofa í Viðey við Reykjavík. Viðeyjarstofa var upphaflega bústaður landfógeta en er nú veitingahús. Byggingarár 1753–55. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á húsinu gegnum árin. Kvistir voru settir á það 1781, 1794 og 1901 og auk þess voru gerðar ýmsar breytingar þegar húsið var endurreist á árunum 1974–88. Hlaðið steinhús. Höfundur Nicolai Eigtved. Höfundar eldri breytinga eru óþekktir en höfundur breytinga 1974–88 er Þorsteinn Gunnarsson.

13. Krambúðin í Neðstakaupstað í Ísafjarðarbær.

Byggingarár 1757. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.



13. Krambúðin í Neðstakaupstað í Ísafjarðarbæ. Ljós. Magnús Skúlaon.



14. Hóladómkirkja í Skagfirði. Ljós. GJG.

14. Hóladómkirkja í Skagfirði.

Byggingarár 1757–63. Hlaðið steinhús. Höfundur Laurids de Thurah.

15. Nesstofa á Seltjarnarnesi.

Safn. Byggingarár 1761–63. Árið 1980–81 voru eldri breytingar fjarlægðar og húsinu komið í upprunalegt horf. Hlaðið steinhús. Höfundur Jacob Fortlin. Höfundur endurgerðar er Þorsteinn Gunnarsson.



15. Nesstofa á Seltjarnarnesi. Ljós. MS.

16. Bessastaðastofa í Bessastaðahreppi. Embættisbústaður forseta Íslands. Byggingarár 1761–67. Kvistur var byggður 1898 og ýmsar breytingar, viðbætur og endurbætur voru gerðar 1941, 1944 og 1961. Húsið var endurgert frá grunni 1990–96. Hlaðið steinhús. Höfundur Jacob Fortling.



17. Aðalstræti 10 í Reykjavík. Ljós. GJG.

17. Aðalstræti 10 í Reykjavík.

Veitingahús. Byggingarár 1762. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

18. Aðalstræti 14–16 í Reykjavík.

Byggt í mörgum áföngum á árunum 1764–1899. Byggingarefni timbur. Upphaflegur höfundur ókunnur en höfundar breytinga fleiri en svo að hægt sé að telja þá upp hér. Í grunni hússins Aðalstræti 16 kom í ljós í fornleifarannsókn vorið 2001 víkinga-



18. Í grunni Aðalstrætis 16 hefur fundist skáli frá fyrstu árum Íslandsbygðar með óvenjustórum langeldi. Ljós. GJG.

aldarskáli með stórum langeldi. Skálinn hefur verið eitt af fyrstu húsunum sem byggð voru í Reykjavík.

19. Faktorhúsið Neðstakaupstað í Ísafjarðarbæ. Byggingarár 1765. Timburhús af bolhúsgerð. Höfundur ókunnur.

20. Eyrargata 50. Húsið á Eyrarbakka. Árborg. Safn. Byggingarár 1765. Timburhús af bolhúsgerð með bárujárnsþaki. Jens Lassen kaupmaður lét reisa húsið en höfundur er ókunnur.



20. Húsið á Eyrarbakka. Ljós. MS.

21. Stjórnarráðið við Lækjartorg í Reykjavík. Var upphaflega fangelsi en er nú skrifstofa forsætisráðuneytis. Byggingarár 1765–70. Hlaðið steinhús. Höfundur Georg David Anthon.



21. Stjórnarráðið við Lækjartorg. Ljós. GJC.

22. Reynistaður í Skagafirði. Bæjardyr. Byggingarár 1766. Byggingarefni timbur. Höfundar líklega Páll og Brynjólfur Halldórssynir.

23. Viðeyjarkirkja í Viðey við Reykjavík. Byggingarár 1767–74. Hlaðið steinhús. Höfundur Georg David Anthon.

24. Pakkhúsið á Hofsósi í Skagafirði. Safn. Byggingarár 1773. Stokkbyggt timburhús. Höfundur ókunnur.

25. Betuhús í Æðey í Ísafjarðarbæ. Húsið var upphaflega reist á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp en flutt út í Æðey 1878 og byggt við það. Byggingarár 1773–86. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

26. Landakirkja í Vestmannaeyjum. Byggingarár 1774–78. Talsverðar breytingar voru gerðar á kirkjunni á árunum 1853–60. Þá var m.a. turninn reistur. Hlaðið steinhús. Höfundur Georg David Anthon. Höfundur breytinga 1853–60 er ókunnur.

27. Bessastaðakirkja í Bessastaðahreppi. Byggingarár 1777–95. Turn reistur 1823. Kirkjunni var umbylt að innan 1945–47. Hlaðið steinhús. Höfundur Georg David Anthon.



28. Amtmannshúsið á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Ljós. MS.

28. Amtmannshúsið á Arnarstapa í Snæfellsbæ. Íbúðarhús. Byggingarár 1774–87. Flutt að Vogu á Mýrum 1849 og aftur að Arnarstapa 1985–86. Upphaflega reist af Konungsversluninni síðari. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

29. Möðruvellir í Eyjafjarðarsveit. Klukknaport. Byggingarár 1781. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

30. Tjöruhúsið í Neðstakaupstað í Ísafjarðarbæ. Byggingarár 1781. Stokkbyggt timburhús. Höfundur ókunnur.

31. Turnhúsið í Neðstakaupstað í Ísafjarðarbæ. Byggingarár 1784–85. Stokkbyggt timburhús. Höfundur ókunnur.



31. Turnhúsið í Ísafjarðarbæ. Ljósmynd. MS.

32. Dómkirkjan í Reykjavík (Kirkjustræti 16). Byggingarár 1787–96. Kirkjan var stækkuð og breytt á árunum 1847–48. Hlaðið steinhús. Höfundur Andreas Kirkerup. Höfundur breytinga 1847–48 er Laurits Albert Winsturp.

33. Faktorshúsið. Aðalstræti 42 í Ísafjarðarbæ. Íbúð. Byggingarár 1788. Húsið gæti hugsanlega verið eldra og verið upphaflega reist í Noregi en flutt síðar til Íslands. Byggingarefni timbur. Bjálka- og bindingsverk. Höfundur ókunnur.

34. Hafnarstræti 18 í Reykjavík. Byggingarár 1795. Húsið var upphaflega reist í Keflavík en flutt þaðan til Reykjavíkur. Upphaflega voru þetta tvö hús en þau voru sameinuð 1890. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.



35. Laxdalshús á Akureyri. Ljósmynd. MS.

35. Laxdalshús. Hafnarstræti 11 á Akureyri. Veitingahús. Byggingarár 1795. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

36. Ranakofi í Svefneyjum í Reykhólahreppi. Hann var líklega byggður einhvern tíma á fyrri hluta 18. aldar og vitað er að hann var endurreistur eftir 1768. Höfundur ókunnur.

37. Lágínúpur í Vesturbyggð. Reykhús. Húsið er að stofni til frá því fyrir 1800 og tilheyrði hjáleigu sem hét Hólar og var fyrst hesthús. Hefur verið notað sem reykhus á síðustu áratugum. Hlaðið úr steini. Höfundur ókunnur.

38. Baugasel í Skriðuhreppi. Íbúðarhús. Húsið var byggt um 1800 en endurnýjað að verulegu leyti 1985–86. Byggingarefni torf, grjót og timbur. Höfundur ókunnur.

39. Baugasel í Skriðuhreppi. Geymsla. Húsið var byggt um 1800 en endurnýjað að verulegu leyti 1985–86. Byggingarefni torf, grjót og timbur. Höfundur ókunnur.

40. Gamlabúð. Strandgata 39B Eskifirði í Fjarðabyggð. Safn. Byggingarár 1816 en flutt til árið 1972. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

41. Hnausar í Skaftárhreppi. Smiðja. Hleðslugrjótið í smiðjunni er svo stórt að húsið hlýtur að vera byggt fyrir Skaftárelda 1783. Eftir Skaftárelda var ekkert hleðslugrjót af þessari stærð til í nágrenninu. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.

42. Hnausar í Skaftárhreppi. Fjósbaðstofa. Hleðslugrjótið í fjósinu er svo stórt að húsið hlýtur að vera byggt fyrir Skaftárelda 1783. Eftir Skaftárelda var ekkert hleðslugrjót af þessari stærð til í nágrenninu. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.



43. Austurstræti 22 í Reykjavík. Ljós. GJG.

43. Austurstræti 22 í Reykjavík. Verslun – veitingahús. Byggingarár 1801 eða 1802. Timburhús af bolhúsagerð. Höfundur ókunnur.

44. Vesturgata 6 í Hafnarfirði. Safn. Hús Bjarna riddara Sívertsen. Byggingarár 1803–1805. Byggingarefni timbur og múrsteinn með bindingi. Húsið var endurgert á árunum 1964–74. Upphaflegur höfundur ókunnur en höfundur endurgerðar er Gunnar Bjarnason.



44. Hús Bjarna riddara Sívertsen í Hafnarfirði. Ljós. MS.

45. Hnausar í Skaftárhreppi. Stofa. Rasmus Chr. Rask gisti í þessu húsi á ferð sinni um Ísland. Byggingarár fyrir 1804. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.

46. Austurstræti 20 í Reykjavík. Veitingahús. Byggingarár 1805 en stækkað 1862. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

47. Sönderborgarhús. Aðalstræti 12 í Ísafjarðarbæ. Íbúð. Byggingarár 1816. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

48. Smiðshús. Árbæjarsafni í Reykjavík. Safn. Byggingarár 1820. Byggingarefni múrsteinn með bindingi. Höfundur ókunnur.

49. Frökenarhús. Lækjargata 2A á Akureyri. Íbúð. Byggingarár talið 1824. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

50. Lónstofa á Skipalóni í Glæsibæjarhreppi. Safn. Byggingarár 1824. Stokkbyggt timburhús. Höfundur Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni.

51. Hafnarstræti 16 (Hótel Alexandra) í Reykjavík. Byggingarár 1824. Húsið var stækkað 1853 og 1880. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.



51. Hafnarstræti 16, Hótel Alexandra í Reykjavík. Ljósmynd GJG.



52. Efstasund 99. Ljósmynd GJG.

52. Efstasund 99 í Reykjavík. Íbúð. Byggingarár 1825. Húsið stóð upphaflega við Aðalstræti 6 en var flutt í Efstasund 1951. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

53. Hofsstofa á Hofi í Hörgárdal í Arnarneshreppi. Geymsla. Byggingarár 1828. Byggingarefni timbur. Höfundur Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni.

54. Norska húsið. Hafnargata 5 í Stykkishólmi. Safn. Byggingarár 1832. Stokkbyggð timburhús. Höfundur ókunnur.



54. Norska Húsið í Stykkishólmi. Ljósmynd GJG.

55. Sæluhúsið á Hellisheiði. Ölfushreppur. Byggingarár 1830. Borghlaðið steinhús. Höfundur Þórður Erlendsson á Völlum í Ölfusi.

56. Félagshús í Flatey í Reykhólahreppi. Íbúðarhús. Félagshúsin eru tvö og sambyggð. Annað er kallað Gunnlaugshús reist 1840 en hitt Benediktsenhús reist 1833–36. Byggingarefni timbur. Höfundur Jóhann Moul forsmiður og beykir.

57. Suðurgata 7. Árbæjarsafni í Reykjavík. Safn. Byggingarár 1833–83. Húsið var reist í nokkrum áföngum. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

58. Bankastræti 2 í Reykjavík. Veitingahús. Byggingarár 1834. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.



58. Norðurhluti Bernhöftstorfunnar í Reykjavík. Með baráttunni fyrir verndun Torfunnar upp úr 1970 má segja að húsafríðun á Íslandi hafi komist á fullt skrið. Ljósmynd GJG.



59. Víðimýrarkirkja í Skagafirði. Ljósmynd GJG.

59. Víðimýrarkirkja í Skagafirði. Byggingarár 1834. Byggingarefni timbur torf og grjót. Höfundur Jón Samsonarson.

60. Sel. Skaftafell I í Austur-Skaftafellssýslu. Hlaða. Byggingarár 1834. Hún var upphaflega fjárhús. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Önnur hlaða var byggð vestanmegin við áður nefnda byggingu 1858. Höfundar ókunnir.

61. Dillonshús. Árbæjarsafn í Reykjavík. Veitingahús. Byggingarár 1835. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.



62. Gudmannminde. Ljós. MS.

62. Gudmannminde. Aðalstræti 14 á Akureyri. Íbúð en var eitt sinn spítali. Byggingarár 1835. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

63. Gamla prestshúsið í Landakoti, telst til Túngötu í Reykjavík. Byggingarár 1837 og hækkað í tvær hæðir 1895. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

64. Amtmannsstígur 1 í Reykjavík. Veitingastaður og gallerí. Byggingarár 1838 en ýmsar breytingar gerðar 1860 og 1905. Byggingarefni timbur. Höfundur Einar Helgason. Höfundur breytinga 1860 ókunnur. Höfundur breytinga 1905 Rögnvaldur Ólafsson.

65. Svefnherbergi frá Árkvörn í Byggðasafninu að Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi. Safn. Byggingarár 1838. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.

66. Elínarbaukur. Aðalstræti 44 á Akureyri. Íbúðarhús. Byggingarár 1840 en ýmsar viðbætur gerðar 1920 og 1928. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

67. Knapstaðakirkja í Stíflu í Skagafirði. Byggingarár 1840 en klukknaport sett á stafn og gluggar stækkaðir 1896. Byggingarefni timbur. Höfundur Flóvent Sígússon. Höfundur breytinga 1896 Snorri Grímsson í Langhúsum.

68. Aðalstræti 52 á Akureyri. Íbúðarhús. Byggt fyrir 1840. Norðurhlutinn var reistur 1860 en hinn hlutinn var fluttur til Akureyrar frá Skjaldarvík 1840. Hluti hans er því líklega enn eldri. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

69. Glaumbær í Skagafirði. Safn. Byggingarár 1840–80. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.



69. Glaumbær í Skagafirði. Ljós. GJG.

70. Laufás í Grýtubakkahreppi. Safn. Byggingarár 1840–77. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur Jóhann Bessason frá Skarði. Tryggvi Gunnarsson alþingismaður og bankastjóri sá um útlit frambæjarhúsa.



70. Laufás í Eyjafirði. Ljós. GJG.

71. Skemma frá Gröf í Skaftártungu nú í Byggðasafninu að Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi. Safn. Byggingarár u.þ.b. 1840. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur Gísli Gröf.

72. Skemma frá Varmárhlið undir Eyjafjöllum nú í Byggðasafninu að Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi. Safn. Byggingarár u.þ.b. 1830. Höfundur ókunnur.

73. Búr frá Seljalandi í Fljótshverfi nú í Byggðasafninu að Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi. Safn. Byggingarár nálægt 1840. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur ókunnur.

74. Strandgata 57 í Hafnarfirði. Veitingahús. Byggingarár 1841 en var upphaflega reist sem íbúðarhús. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

75. Strandgata 55 í Hafnarfirði. Veitingahús en var upphaflega reist sem pakkhús og sölubúð. Byggingarár 1841. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

76. Indriðahús. Aðalstræti 66 á Akureyri. Íbúð en var notað sem skóli 1872–78. Byggingarár 1842. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

77. Safnkirkjan í Árbæjarsafni í Reykjavík. Byggingarár 1842 og síðar. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Upphaflega torfkirkja á Silfrastöðum í Skagafirði 1842 en síðan endurreist sem baðstofa 1896. Endurreist í Árbæ 1960–61. Höfundur Silfrastaðakirkju er Jón Samsonarson. Höfundur safnkirkjunnar er Skúli Helgason.

78. Bakkakirkja í Öxnadalshreppi. Byggingarár 1843. Byggingarefni timbur. Höfundur Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni.

79. Smíðahús á Skipalóni í Glæsibæjarhreppi. Byggingarár 1843. Byggingarefni timbur. Höfundur Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni.

80. Lækjargata 7 í Reykjavík. Menntaskóli. Byggingarár 1843–46. Stokkbyggt timburhús, tilhoggið í Kristjánssandi í Noregi. Höfundur Jörgen Hansen Koch.



80. Menntaskólinn í Reykjavík. Ljós. GJG.

81. Haukadalskirkja í Biskupstungnahreppi. Byggingarár 1843. Kirkjan var endurbyggð 1939 á steiptum grunni, lengd og bætt við gluggum. Endurbyggingin var með þeim hætti að húsið er ekki friðað þrátt fyrir háan aldur. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

82. Ólafsbraut 12 í Snæfellsbæ. Vörugeymsla. Byggingarár 1844. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

83. Munkaþverárkirkja í Eyjafjarðarsveit. Byggingarár 1844. Byggingarefni timbur. Höfundur Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni.

84. Eyrarlandsstofa. Eyrarlandsvegur á Akureyri. Starfsmannahús Lystigarðsins. Byggingarár 1844 eða 45. Húsið stóð upphaflega á lóð Fjórðungssjúkrahússins. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

85. Messíönuhús. Sundstræti 25A í Ísafjarðarbæ. Ágreiningur er um byggingarár og er ýmist talað um 1845 eða 1850. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

86. Smiðjan. Aðalstræti 66A á Akureyri. Íbúð. Byggingarár 1845. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

87. Skeggjastaðakirkja í Skeggjastaðahreppi. Byggingarár 1845 en byggt var við hana 1961–62. Byggingarefni timbur. Ekki er ljóst hver höfundur er en ýmist eru nefndir til sögunnar þeir Ólafur Briem á Grund eða Guðjón Jónsson frá Akureyri.

88. Búrfellskirkja í Grímsneshreppi. Byggingarár 1845. Byggingarefni timbur. Höfundur Guðmundur Þórðarson.

89. Aðalstræti 8 í Ísafjarðarbæ. Íbúðarhús. Byggingarár 1845. Hækkað í tvær hæðir fyrir 1917. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

90. Öldugata 16 á Seyðisfirði. Vélaverkstæði. Byggingarár 1845. Á kreppuárunum og í síðari heimsstyrjöld var þarna kvikmyndahús og skemmtistaður en um 1950 var húsið notað sem síldarbraggi fyrir stúlkur og nefndist þá Meyjarskemman. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

91. Þverá í Laxárdal. Fjárhús og hlaða. Byggingarár 1845–50. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Höfundur Jón Jóakimsson bóndi á Þverá.

92. Þingholtsstræti 9 á Árbæjarsafni í Reykjavík. Safn. Byggingarár 1846. Stokkbyggt timburhús. Höfundur Helgi Jónsson.

93. Safnkirkjan Aðalstræti 56 Akureyri. Byggingarár 1846. Byggingarefni timbur. Upphaflega reist á Svalbarði við Eyjafjörð. Höfundur Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni.



93. Safnkirkjan á Akureyri. Ljós. GJG.

94. Aðalstræti 62–64 á Akureyri. Íbúð. Byggingarár 1846. Hallgrímur Kristjánsson gullsmiður mun hafa látið byggja Aðalstræti 62. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

95. Brúnavegur 8 í Reykjavík. Íbúð. Byggingarár 1847. Húsið var fyrst reist við Pósthússtræti 11 en flutt í Skerjafjörð árið 1928 og þaðan á Brúnaveg 8 árið 1941. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.



96. Landlyst í Vestmannaeyjum. Ljós. MS.

96. Landlyst í Vestmannaeyjum. Safn en var upphaflega byggt af dönsku stjórninni til að stemma stigu við ginklofaveikinni sem herjaði í Eyjum. Í húsinu var eitt af fyrstu fæðingarheimilum á Íslandi. Byggingarár 1847. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

97. Hafnarstræti 4 í Reykjavík. Veitingahús og verslun. Byggingarár 1847. Hækkað um eina hæð 1879. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

98. Möðruvallakirkja í Eyjafjarðarsveit. Byggingarár 1847. timbur. Höfundur Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni.

99. Mosfellskirkja í Grímsneshreppi. Byggingarár 1847–48. Byggingarefni timbur. Höfundur Bjarni Jónsson.

100. Fjárhús á Sauðanesi í Þórshafnarhreppi. Upphaflega var þetta Stefánskirkja. Hún var afhelguð 1889 og flutt til nokkrum sinnum síðan. Byggingarár 1848. Byggingarefni timbur. Höfundur Jón Benjamínsson.

101. Kúldshús, Silfurgötu 4 í Stykkishólmi. Íbúð. Byggingarár 1848. Upphaflega lét séra Eiríkur Kúld reisa húsið í Flatey. Það var tekið niður 1860 og flutt að Þingvöllum á Þórsnesi og síðan 1868 til Stykkishólms. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

102. Svalbarðskirkja í Svalbarðshreppi. Byggingarár 1848. Byggingarefni timbur. Höfundur Gísli Þorsteinsson frá Stokkhlöðum í Eyjafirði.



103. Laugavegur 1 í Reykjavík. Ljós. GJG.

103. Laugavegur 1 í Reykjavík. Verslun. Byggingarár 1848. Byggingarefni timbur. Höfundur Gustav Chr. J. Ahrens.

104. Lækjargata 7 í Reykjavík. Upphaflega eldiviðargeymsla Lærðaskólans og stóð utar í götunni en var flutt á núverandi stað 1916. Byggingarár 1848. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

105. Faktorshús á Djúpavogi. Bókasafn. Byggingarár 1848. Byggingarefni timbur en steinsteypt viðbygging var reist 1950. Höfundur ókunnur.



105. Faktorshús á Djúpavogi, Gamla kaupfélagið. Ljósmynd í eigu Djúpavogshrepps.



106. Vaktarabær í Grjótaþorpi í Reykjavík. Ljós. GJG.

106. Vaktarabær við Garðastræti í Reykjavík. Upphaflega íbúðarhús en hefur verið geymsla síðustu er líklega nokkru eldra. Vaktarabærinn er fyrsta timburhúsið í þessum hluta Grjótaþorps. Byggingarefni timbur með járnklæðningu. Höfundur Guðmundur vaktari Gissurarson.

107. Búðakirkja í Snæfellsnesbæ. Byggingarár 1848–50. Madama Steinunn Sveinsdóttur húsfreyja á Búðum lét reisa kirkjuna. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

108. Friðbjarnarhús. Aðalstræti 46 á Akureyri. Safn. Byggingarár 1849. Árið 1859 var húsið stækkað og settur á það kvistur. Byggingarefni timbur. Höfundur Ingimundur Eiríksson járnsmiður.

109. Aðalstræti 50 á Akureyri. Íbúð. Byggingarár 1849. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

110. Gilsstofan frá Espihóli í Byggðasafninu í Glaumbæ í Skagafirði. Safn. Byggingarár 1849 en endurgerð af nýjum viðum 1996–97. Byggingarefni timbur. Höfundur Ólafur Briem snikkari. Höfundur endurgerðar er Hjörleifur Stefánsson. Stofan hefur farið víða og meðal annars staðið að Hjaltastöðum í Blönduhlíð, á Reynistað, á Gili í Borgarsveit og á Sauðárkróki.

111. Nonnahús. Aðalstræti 54 á Akureyri. Safn. Byggingarár 1849. Byggingarefni timbur. Höfundur er líklega Páll Magnússon söðlasmiður.



111. Nonnahús á Akureyri. Ljósmynd GJC.



112. Langabúð á Djúpavogi. Ljósmynd í eigu Djúpavogshrepps.

112. Langabúð á Djúpavogi. Safn. Byggingarár 1849–52 en húsið er líklega gert úr eldri viðum. Margt bendir einnig til að húsið hafi upphaflega verið tvö hús en ekki er vitað hvenær þau voru sameinuð í eitt. Byggingarefni timbur.

113. Skipagata 11 í Ísafjarðarbæ. Íbúð. Byggingarár 1850. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

114. Amsterdam. Sundstræti 21 í Ísafjarðarbæ. Íbúð. Byggingarár 1850 en byggt hefur verið við húsið eftir 1916. Byggingarefni timbur. Höfundur ókunnur.

115. Krosskirkja í Austur-Landeyjahreppi. Byggingarár 1850. Byggingarefni timbur. Höfundur Halldór Guðmundsson í Strandarhjáleigu.

116. Aðalstræti 6 á Akureyri. Íbúð. Byggt um 1850. Byggingarefni timbur. Höfundur er líklega Grímur Laxdal bókbindari.

117. Árnescirkja í Árneshreppi. Byggingarár 1850–52. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Turninn var bygður 1889–90. Höfundur Magnús Gunnlaugsson.

118. Burstafell í Vopnafjarðarhreppi. Safn. Húsið er a.m.k. frá miðri 19. öld en að stofni til líklega eitthvað eldra. Byggt var við bæinn 1851–52 og 1877. Byggingarefni timbur, torf og grjót. Upphaflegir höfundar ókunnir.

Skýringar við töflur um fasteignaverð

Útreikningar fasteignaverðs byggja á völdu úrtaki kaupsamninga. Samningar milli skyldra aðila eða þar sem upplýsingar eru ófullkomnar eru ekki teknir með í úrtakið. Fjöldi samninga í töflum um fasteignaverð vísar til fjölda kaupsamninga sem falla í þetta úrtak, en hann er ekki nauðsynlega jafn heildarfjölda kaupsamninga á viðkomandi stað á tímabilinu.

Í úrtakinu eru ávallt samningar um steinhús sem eru reist 1940 eða síðar.

Töflur um fasteignaverð tilgreina jafnframt stærð og aldur í úrtaki. Bent er á að aldur og stærð húsnæðis getur verið mismunandi milli úrtaka. Þessi atríði geta skýrt breytileika í verði og ber því að taka tillit til þeirra þegar borin eru saman verð milli staða.

Kaupverð merkir verð eins og það birtist í kaupsamningi. Staðgreiðsluverð merkir áætlað kaupverð, væri það allt greitt út í hönd á kaupdegi, reiknað út frá greiðslutilhögum og yfirteknum lánnum.

Flatarmál vísar alltaf til séreignarflatarmáls, þannig að flatarmál sameignar er ekki talið með í fjöleignarhúsum.


Sérbýli eru einbýlishús og raðhús.

Til þess að gefa vísbendingu um dreifingu þeirra stærða sem birtar eru í töflum um fasteignaverð eru skilgreind efri og neðri mörk. Efri mörk vísa til þess samnings sem hefur raðtölu ofan frá sem fer næst því að vera jöfn 15% af heildarfjölda.


Neðri mörk vísa til þess samnings sem hefur raðtölu neðan frá sem fer næst því að vera jöfn 15% af heildarfjölda. Þannig liggja u.þ.b. 70% samninganna milli efri og neðri marka. Efri og neðri mörk eru fundin fyrir hvern dálk óháð öðrum, efri og neðri mörk vísa því til ólíkra samninga í ólíkum dálkum.

Þessu til útskýringar má taka sem dæmi þriggja herbergja íbúðir í fjölbýli í Reykjavík. Fjöldi samninga í úrtakinu var 792. Meðalstærð íbúðanna var 84 m². Af þeim voru 15% stærri en 102 m² og 15% var minni en 68 m² en 70% þeirra lágu á milli þessara marka. Þá var byggingarár íbúðanna í úrtakinu að meðaltali 1968 og í 70% tilvika var byggingarárið á bilinu 1948 til 1990. Með sama hætti var upphæð 70% samninganna á bilinu frá 7,7 milljónum kr. til 10,9 milljóna kr., kaupverð umreiknað til staðgreiðslu var í 70% tilfella á bilinu 7,29 milljónir kr. til 10,23 milljónir kr., fyrir 70% samninganna var nafnverð á fermetra á bilinu 95.014 kr./m² til 128.986 kr./m² og fyrir 70% samninganna var staðgreiðsluverð á hvern fermetra á bilinu 90.105 kr./m² til 121.181 kr./m². Efri og neðri mörk í hverjum dálki eru óháð hinum dálkunum, þannig væri það hrein tilviljun ef t.d. staðgreiðsluverð á fermetra (121.181 kr./m²) í efri mörkum tilheyrði sama samningi og byggingarár í efri mörkum (1990). Skýringarmyndirnar sýna nánar hvernig flatarmál og staðgreiðsluverð á fermetra dreifðust í þeim 792 þriggja herbergja íbúðum sem eru í úrtakinu.

Fjöldi herbergja	Fjöldi samninga	Flatarmál m ²	Byggingarár	Heildarverð		Fermetraverð		
				Kaupverð millj. kr.	Staðgr.verð millj. kr.	Kaupverð kr./m ²	Staðgr.verð kr./m ²	
		102	1990	10,90	10,23	128.986	121.181	Efri mörk
3	792	84	1968	9,27	8,72	112.236	105.481	Meðaltal
		68	1948	7,70	7,29	95.014	90.105	Neðri mörk



Myndin sýnir dreifingu flatarmáls þriggja herbergja íbúða sem seldust í Reykjavík árið 2000.



Myndin sýnir dreifingu staðgreiðsluverðs þriggja herbergja íbúða sem seldust í Reykjavík árið 2000.



Tafla 1.1

Fasteignamat á Íslandi 1. desember 2000

	Lóðarmat þús. kr.	Mannvirkjamat þús. kr.	Fasteignamat þús. kr.
Íbúðarhúsnæði	81.157.807	814.987.287	896.145.094
Sumarbústaðir	4.229.267	17.161.559	21.390.826
Atvinnuhúsnæði	64.277.012	337.690.569	401.967.581
Óbyggðar lóðir	17.132.065	-	17.132.065
Ræktað land	-	-	5.562.695
Óræktað land jarða	-	-	2.631.712
Hús á jörðum	-	32.773.749	32.773.749
Hlunnindi	-	-	5.672.474
Mat samtals	166.796.151	1.202.613.164	1.383.276.196



Tafla 1.2

Fjöldi íbúða eftir byggingartíma - landið allt

Byggingar- tími	Fjöldi íbúða samtsals	Í einbýli	Í tvíbýli	Í 3-5 íbúða húsum	Í 6-12 íbúða húsum	Fleiri en 13 íbúðir í húsi	Íbúðir í öðrum húsum en íbúðarhúsum
	104.400	44.830	12.350	14.160	21.730	10.370	960
1996-2000	6.530	2.480	310	900	1.330	1.430	80
1991-1995	7.800	2.990	340	620	2.300	1.520	30
1986-1990	7.990	3.470	540	530	2.040	1.370	40
1981-1985	8.670	4.920	520	490	1.710	980	50
1979-1980	11.830	6.200	680	340	3.070	1.480	60
1971-1975	11.200	5.420	500	300	3.440	1.500	40
1966-1970	8.830	3.950	680	720	2.850	560	70
1961-1965	7.510	2.540	1.080	950	1.880	1.020	40
1956-1960	7.860	2.580	1.600	1.820	1.390	410	60
1951-1955	4.720	1.980	1.390	1.010	280	20	40
1946-1950	5.890	1.770	1.490	2.070	500	-	60
1941-1945	3.230	1.150	850	780	340	60	50
1936-1940	2.590	980	420	900	240	-	50
1931-1935	2.180	850	420	730	140	-	40
1926-1930	2.660	1.060	510	930	100	-	60
1921-1925	1.310	580	310	340	50	-	30
1916-1920	740	320	150	190	50	-	30
1911-1915	560	320	90	130	-	-	20
1906-1910	830	390	200	180	10	-	50
1901-1905	630	290	150	150	-	20	20
1900 og fyrr	710	470	120	80	-	-	40
Bygg.ár óþekkt	130	120	-	-	10	-	-



Tafla 1.3

Fjöldi íbúða í fjölmennustu sveitarfélögum 2000

	Fjöldi íbúða samtals	Í einbýli	Í tvíbýli	Í 3-5 íbúða húsum	Í 6-12 íbúða húsum	Fleiri en 13 íbúðir í húsi	Íbúðir í öðrum húsum en íbúðarhúsum
Reykjavík	43.700	8.880	4.370	9.750	13.900	6.500	300
Kópavogur	8.320	2.680	1.120	1.000	1.870	1.630	20
Seltjarnarnes	1.560	730	160	240	150	270	10
Garðabær	2.540	1.800	170	90	300	170	10
Hafnarfjörður	6.280	2.250	1.100	720	1.690	510	10
Mosfellsbær	1.810	1.290	230	70	200	10	10
Reykjanesbær	3.820	1.760	840	350	680	170	20
Grindavík	680	580	60	10	30	-	-
Akranes	1.840	930	400	120	350	20	20
Borgarbyggð	880	600	120	40	90	20	10
Ísafjarðarbær	1.710	940	240	160	240	90	40
Sveitarfélagið Skagafjörður	1.580	1.230	170	50	100	0	30
Akureyri	5.780	2.600	840	610	1.040	640	50
Húsavík	850	540	120	50	130	-	10
Dalvíkurbyggð	690	550	70	40	30	-	-
Fjarðabyggð	1.180	820	150	80	110	-	20
Austur-Hérað	780	510	110	40	50	50	20
Sveitarfélagið Hornafjörður	850	590	90	60	70	30	10
Vestmannaeyjar	1.630	960	330	60	150	90	40
Sveitarfélagið Árborg	2.060	1.580	170	50	130	100	30



Tafla 2.1

Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2000

Ár	Samtals		Fjölbýli		Sérbýli		Atvinnuhúsnæði		Annað	
	Velta þús. kr.	Fjöldi	Velta þús. kr.	Fjöldi	Velta þús. kr.	Fjöldi	Velta þús. kr.	Fjöldi	Velta þús. kr.	Fjöldi
2000	113.978.222	10.093	58.485.808	6.169	32.368.059	2.617	19.016.700	820	4.107.655	487
1999	113.499.362	11.572	57.260.127	7.241	33.318.253	3.013	19.101.712	880	3.819.270	438
1998	85.917.698	10.194	44.778.085	6.458	26.193.854	2.589	12.666.708	789	2.279.051	358
1997	68.898.219	8.772	37.365.917	5.544	21.212.256	2.249	8.097.732	665	2.222.314	314
1996	60.786.166	8.128	33.417.465	5.132	19.327.090	2.147	6.654.617	585	1.386.994	264
1995	51.523.337	6.823	27.797.930	4.300	16.110.785	1.778	6.300.098	522	1.314.524	223
1994	49.164.613	6.819	29.114.038	4.502	14.353.276	1.632	4.656.280	434	1.041.019	251
1993	35.600.423	5.277	19.980.799	3.296	10.427.212	1.307	4.054.173	399	1.138.239	275
1992	36.260.037	5.341	20.724.096	3.446	10.424.113	1.285	3.733.639	343	1.378.189	267
1991	39.421.615	6.000	23.219.816	3.953	11.599.969	1.440	3.680.488	369	921.342	238
